



GARMIN.

ÁST OKKAR Á NÁTTÚRUNNI
HELDUR OKKUR GANGANDI.

GARMIN GPS OG inREACH
SAMSKIPTATÆKNIN
SKILAR OKKUR HEIM.



FENIX 5 PLUS
FJÓLHÆFT SPORT- OG
ÚTIVISTARUR MEB KORTI

INREACH MINI
GERVINNATA HEYÐARSENDIR
OG SAMSKIPTATÆKI

GPSMAP 66S
NÝTT OG SPENNANDI ÚTIVISTARÆKI
MEB STÓRUM SKJÁ

GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGUR | Sími: 577 6000 | GARMIN.IS



Íris, Bryndís, Sólveig og Erla að njóta slóvensku skíðabliðunnar í ferð ÍSALP til Slóveníu í mars 2018.

Ljósmynd: Einn af slóvensku heimamönnum

Útgefandi

Íslenski Alpklúbburinn
Pósthólf 1054, 101 Rvk.
Kt. 580675-0509 – info@isalp.is

Stjórn ÍSALP 2016

Helgi Egilsson, formaður
Sigurður Ý. Richter, ritari
Ottó Ingi Þórisson, gjaldkeri

Jónas G. Sigurðsson, meðstjórnandi
Baldur Þór Davíðsson, meðstjórnandi
Matteo Meucci, meðstjórnandi
Bjartur Týr Ólafsson, meðstjórnandi

Þó hafi í fyrstu virst orrahríð að feta í fótspor jafn glæsilegs ársrits og 40 ára afmælisrit klúbbsins reyndist vera árið 2017, kom allt fyrir ekki og voru viðtökurnar í ár umfram okkar mestu væntingar, enda hafa meðlimir verið iðnir við fjallamennsku bæði innanlands og erlendis. Í marsmánuði síðastliðnum var þeim stóra áfanga náð að fjöldi skráðra klifurleiða í gagnasafni isalp.is taldi hvorki meira né minna en eittþúsund leiðir, og hefur sá fjöldi einungis vaxið síðan þá. Að miklu leiti er að þakka þrotlausri vinnu við upplýsingasöfnun og útgáfu fyrri ársrita seinustu áratugi, en einnig er téð gagnasafn í dag nú grunnurinn að þægilegri og enn víðtækari upplýsingasöfnun og greinaskrifum, fyrir þetta og vonandi komandi ársrit. Þvert á allar áhyggjur af því að veraldarvefurinn myndi taka yfir og skipta út hlutverki útprentaðra ársrita, virðist vefurinn því ef eitthvað er einungis hafa kynt undir áhugann.

Því erum við þakklát bæði þeim sem deila stöðugt með okkur upplýsingum, aðstæðum og reynslusögum af klifri og klifurleiðum á vefsvæði klúbbsins, sem og öllum þeim greinahöfundum og myndasmiðum sem gerðu okkur kleift heimfæra árið yfir í innbundið prent og gefa út enn eitt klifjað ársrit.

Fyrir hönd ritstjórnar, *Sigurður Ý. Richter*

Efnisyfirlit

Hvannadalshnjúkur á Öraefajökli <i>Einar Rúnar Sigurðsson</i>	bls. 04	Vatnajökull <i>Sydney Gunnarson</i>	bls. 48
Ef þú smælur framan í Svíþjóð <i>Sigurður Ý. Richter</i>	bls. 12	Skíðaferð til Slóveníu <i>Erla Guðný Helgadóttir, Bryndís Bjarnadóttir o.fl.</i>	bls. 56
Klifurferð til Ungverjalands <i>Jónas G. Sigurðsson</i>	bls. 20	Kristinn og Þorsteinn – Minningargrein <i>Védis Ólafsdóttir</i>	bls. 60
Glacier Diabetes Project <i>Kamil Kluczyński</i>	bls. 24	Wadi Rum <i>Védis Ólafsdóttir</i>	bls. 70
Bolaklettur og Brekkufjall í Borgarfirði <i>Matteo Meucci</i>	bls. 30	Starfsemi ÍSALP 2018	bls. 80
Ljósmyndakeppni ÍSALP	bls. 36	Annáll íslenskrar fjallamennsku 2018	bls. 82

Ritnefnd ársrits

Sigurður Ý. Richter
Bryndís Bjarnadóttir
Pálmi Hannesson
Jónas G. Sigurðsson

Umbrot/Hönnun

Ingi Kristján Sigurmarsson

Prentun

Prentmet

Forsíðumynd

Björgvin Hilmansson

Rúna Thorarensen leggur af stað upp fyrstu spönn í Beljanda (WI4+).

Texti og myndir: Einar Rúnar Sigurðsson

Hvannadalshnúkur á Öræfajökli

Íslands hæsti tindur 2119 metrar
(eða *alla vega* soldið hærra en 2110 metrar).

Er ekki kominn tími á Ísalp grein um Hvannadalshnúk og Öræfajökul. Þetta tignarlega eldfjall hefur verið að minna á sig undanfarið með auknum jarðhita og jarðskjálftum. Mig langar að fjalla undan og ofan um hæsta tind okkar og aðkomu mína að honum. Ég þykist hafa einhvern rétt til þess enda er ég elsti fjallaleiðsögumaðurinn í bransanum á Íslandi, í starfsárum talið. Mig langar líka að nota tækifærið til að æsa upp fjallamenn og konur þessa lands til að mæta á til leiks í alþjóðlegri fjallaskíða keppni á Hvannadalshnúk núna í Apríl.

Ég heiti Einar Rúnar Sigurðsson og ég held ég geti fullyrt að Örfajökull hafi verið fyrsta fjallið sem ég sá á æfinni, alla vege með það í huga að ungabörn sjá bara 20-30 cm frá sér og þó ég hafi fæðst á spítalanum á Selfossi þá hef ég örugglega ekki tekið eftir Ingólfsfjalli eða alla vege ekki fundist mikið til þess koma. Ég er fæddur Örfæfingur og að mestu uppallinn á Hofnesi í Örfæfum, 10 km í hásuður frá suðurbarmi Örfajökuls á milli Rótarfallshnúks og Hnapps. Við fengum fyrsta sjónvarpið á bæinn skömmu eftir að ég fæddist og kúrekamyndir urðu fljótlega það lang flottasta sjónvarpsefni sem til var í heiminum. Ég man að ég var stundum að horfa upp á gígbarminn á fjallinu fyrir ofan bæinn okkar og ég var viss um að ef ég myndi labba mér alveg upp á brún og gægjast yfir þá myndi ég geta séð kúreka og indjána þessa um viðáttur og sléttur hinum megin.

Ferðir á Örfajökul


Fyrsta skrásetta ferðin á Örfajökul var ferð Sveins Pálssonar náttúrufræðings árið 1794, eða 5 árum eftir Frönsku Byltinguna. Frekar merkilegt af því að hann fór þarna upp bara nokkrum árum eftir að fyrstu menn klifu Mont Blanc. Íslendingar hafa greinileg þá þegar verið fljótir að tileinka sér nýjungar.

Sveinn gekk á fjallið úr austri, frá Kviskerjum, og fór ekki upp á Hvannadalshnúk, heldur bara upp á lágan topp sem er nefndur Sveinsgnýpur eftir honum. Svo er Sveinstindur þar við hliðina en Sveinn gekk víst ekki á hann. Sveinn var mikill náttúrufræðingur, og út frá athugasemdum sínum sem hann

skrifaði þarna á gígbarminum gerði hann merkilega ritgerð um eðli jökulíss, rit sem var langt á undan sinni samtíð, en á þeim tíma litu menn á jökla sem einhverskonar ófreskjur sem enginn ætti að koma nálægt.

Skemmtileg saga sem ég heyrði var að Sveinn hafi fengið með sér tvo Örfæfiska fylgdarmenn, að mig minnir Hnappvellinga, og voru þeir tveir algjörar andstæður. Annar þeirra mjög þögull og þunglyndur, en hinn alltaf að fíflast og yfirmáta kátur. Þegar þeir gengu hærra og hærra á fjallið dró alltaf niður í þeim káta og það fór svo að lokum að þeir urðu að skilja hann volandi eftir á jöklinum einum til tveimur kílómetrum áður en þeir náðu upp á brún. En það brá svo við að sá þunglyndi varð alltaf hressari og kátari sem ofar dró og það kjaftaði á honum hver tuska þegar upp var komið. Ég held að þetta sé ennþá svona í genum Örfæfinga, alla vege líður mér hvergi betur en á leiðinni upp á Örfajökul, því hærra því betra.

Þegar ég var í barnaskóla þá var okkur kennt að fyrsti maðurinn til að klífa Hvannadalshnúk hafi verðið Norðmaðurinn Hans Frisak, sem fór upp á Örfajökul til landmælinga og fékk sér til fylgdar hreppstjórnann á Fagurhólsmýri, Jón Arason að nafni. Þetta var á þeim tíma sem Napóleon lék lausum hala í Evrópu, eða árið 1813. Mér fannst þetta ágætt, ég get jú rakið ættir mínar í gegnum téðan sýslumann, eins og margir Örfæfingar. En árið 1995 kom í ljós að Frisak gekk hreint ekki á Hvannadalshnúk, heldur bara á Hnapp, 1851 metra háan tind, beint upp af Fagurhólsmýri. Það var Ísalp félaginn



Einar á toppnum með sigketilinn í baksýn, 2017.

Þegar Snævarr fór að kanna heimildir betur þá komst hann að því að elsta skrásetta heimildin um uppgöngu á Hvannadalshnúk var ferð Englendingsins Frederick W. Howell sem kom sem ferðamaður í Örfæfin árið 1891 og fékk langafa minn Pál Jónsson, bónda í Svínafelli, ásamt tveimur öðrum Örfæfingum til að fylgja sér og félagi sínum á hæsta tind Íslands. Félagi Howells gafst upp ofarlega á Sandfelli, og einn Örfæfingurinn fylgdi honum niður, en Páll Jónsson og Þorlákur Þorláksson héldu áfram með Frederick Howell alla leið upp á Hnapp, sem er talverður spölur til austurs eftir

að komið er upp á gíginn á Örfajökli. Sagan segir að Howell hafi ekki verið mjög ánægður með fylgdarmenn sína þegar þeir neituðu að fara upp á snarbrattann og harðfenntan Hnappinn, en þeir voru á sauðskinnsskóm á meðan Bretinn var á járnslægnum gönguklossum með göddum. Þegar Howell var kominn upp á Hnapp þá sá hann að Hvannadalshnúkur hinum megin við gíginn var mun hærri, og þeir löbbaðu sér yfir 4 km breiðan gíginn og gengu fyrstir manna á topp Hvannadalshnúks. Ég er viss um að langafi var fyrstur upp, átti eftir að verða 18 barna faðir og örugglega í finu formi.

Hann átti reyndar eftir að fara fleiri ferðir á Örfajökul, t.d. með Danska landmælingamenn 1903-4 sem voru að útbúa 100:1 Atlasblöðin sem við notum enn þann dag í dag...

Ferðir mínar á Hvannadalshnúk

Þegar ég var að alast upp í Örfæfaveit þá var það viðtekin venja að Örfæfingar gengu á topp Hvannadalshnúk svo sem einu sinni á kynslóð. Ég mundi eftir að barnapían mín fór með í slíka ferð þegar ég var smá þjakkur, um 1973 og mér fannst mikið til koma um að hún hefði getað rennt sér á rassinum niður ofboðs-



lega langa snjóbrennu á leiðinni niður. Það var svo um sumarið 1989 að það var komið að því að Örfæingar gengju aftur á Hvannadalshnúk. Við fórum saman um 30 manna hópur af sveitungum og vinum og velunnurum. Lagt var af stað upp Sandfell um 10 leytið að kvöldi fimmtudags fyrir Verslunarmannahelgi, og eftir óendanlega langa nótt í alveg hreint bestu aðstæðum sem hægt væri að fá, stóðum við á toppi Hvannadalshnúks kl. 7 að morgni. Ég hélt að nú væri ég búinn að fara mína einu ferð á Hvannadalshnúk, og var bara sáttur, enda svo fallett veður og útsýni að það hafði hvort sem er ekkert upp á sig að vera að þvælast þarna upp aftur.

Næstu ár fór ég yfirleitt á Hvannadalshnúk með vinum og ættingjum, sem fengu mig til að fara með sér þar sem ég þekkti leiðina, en svo var allt í einu svo komið að ég þekkti svo sem engan úr hópnunum lengur, þetta voru einhverjir vinir mína minna.

Pabbi minn hafði á þessum tíma söðlað um, hann hætti að reyna að hokra við fjárbúskap hér á Hofsnesi árið 1989, en árið eftir fór hann eiginlega fyrir tilviljun, að aka með ferðamenn á heyvagni út að Ingólfshöfða, til að sýna ferðamönnum þennan ágæta sögustað okkar Íslendinga og til að skoða lunda. Hann benti mér á í lok árs 1993 að þar sem ég var alltaf að ganga á Hvannadalshnúk, hvort ég vildi ekki bara reyna að auglýsa fjallaleiðsögn á hæsta tind landsins. Það gæti alvega virkað, eins og það virkaði að bjóða heykerruferðir í Ingólfshöfða. Vorið 1994 var ég búinn að fjárfesta í broddu, ísöxum, beltum og línunum og tilheyrandi og byrjaði að bjóða gönguferðir á skriðjöklana í nágrenni Skaftafells, og að sjálfsögðu, leiðsögn á Hvannadalshnúk. Fyrsti viðskiptavinahópurinn minn var útvegaður af stóra bróður mínum sem vann á Rannsóknarstofu Landbúnaðarins á þessum tíma, og um Hvítasunnuna 1994 ók ég með hópinn í gömlum Benz Unimog upp á Sléttubjörg

fyrir ofan Hnappavelli, og þar í 750 metra hæð gátum við stigið beint á skinnklædd gönguskíði, með skinnnum undir, og gengið alla leið að Hvannadalshnúk á skíðum. Auðvitað fórum við á brodda upp á há Hnúkinn, en það var mikil hjálp í að geta verið á gönguskíðum yfir 4 km breiðan gíginn á Örfæfajökli, fram og til baka. Nokkrum árum seinna skipti ég yfir í snjóþrúgur, þannig að ég þyrfti ekki að undirbúa skó og skíði fyrir alla, enda þrengdi það líka aðeins kúnna hópinn, að þurfa að ganga á skíðum. Og enn seinna komst ég að því að mér fannst eiginlega auðveldara að fara Sandfellsleiðina en Hnappaleiðina svo ég þyrfti ekki að útvega neinn búnað nema brodda, belti og ísöxi því það voru svo margir hópar frá öðrum fyrirtækjum sem tróðu slóð í snjóinn þannig að bæði var auðveldara að ganga og rata en á Hnappaleiðinni sem enginn fór nema ég.

Sumarið 1994 hófu Íslenskir Fjallaleiðsögumenn líka sínar ferðir á Hvanna-

dalshnúk, og til að allrar sanngirnis sé gætt þá verð ég líka að minnast á að frá árinu 1991 eða 1992 var starfandi fjallaleiðsögumaður í Skaftafelli, Halldór Matthiasson að nafni. Í ungæðishætti mínum sá ég samt að ég gæti gert þetta svo miklu betur en hann þannig að ég lét það ekki koma í veg fyrir að ég færi að bjóða mínar ferðir. Fyrsta sumarið var of dýrt og þungt að fara að fjárfesta í GPS tæki þannig að það var oft mjög mikil vinna fyrir mig með kort og áttavita og hæðarmæli að finna leiðina að Hvannadalshnúk og ekki síður til baka, en það er reynsla sem ég mun fá að búa að það sem eftir er æfinnar. Það var alltaf jafn gaman þegar kúnarnir, sem oftast voru eldri en ég, og oft þokkalega vanir fjallgöngum í Ölpunum voru virkilega farnir að draga í efa að við værum að labba í rétta átt þegar við vorum að ganga til baka yfir gíginn á Örfæfajökli í algjöru white out. En eftir allt of langan tíma að manni fannst birtist alltaf Hnappurinn eins og viti úti á reginhafi, og alltaf komst ég niður úr



Úr fyrstu ferðinni minni í ágúst 1989.

skýjunum án þess að villast. Haustið 1994 fékk ég mitt fyrsta GPS tæki, Garmin 40, og það var þá bæði orðið helmingi léttara, og minna, og líka helmingi ódýrara. Ég hef nú hreinlega ekki farið frá bæ án þess að vera með GPS tæki síðan. Reyndar hef ég í seinni tíð notað Suunto Ambient GPS úr og látið nægja að vera með kortin í iPhone í PDF Maps frá Avenasa.

Fyrstu 1-2 árin vann ég einhverja vinnu með fjallaleiðsögninni, enda frekar fátt um viðskiptavinum yfir vetrarmánuðina. Ég var landvörður, fór í brúarvinnu og byggingarvinnu, en síðan um veturinn 1995-1996 ákvað ég að sinna engu öðru en fjallaleiðsögn. Síðan þá hef ég ekki unnið ærlegt handtak, bara verið í leiðsögn. Síðustu ár hef ég tekið yfir ferðir föður míns í Ingólfshöfða, og er aðallega í íshellaferðum á veturna, en ég held enn áfram að bjóða fjallaskiðaleiðsögn á Hvannadalshnúk á vorin svona til að geta kallað mig fjallaleiðsögumann.

Í mörg ár var ég fyrst og fremst með gönguhópa á Hvannadalshnúk en fyrir nokkrum árum ákvað ég að bjóða eingöngu fjallaskiðaferðir á Hvannadalshnúk, enga gönguhópa takk. Það voru hvort sem er komin nokkur fyrirtæki í bransann sem bjóða gönguleiðsögn á Hnúkinn. Síðustu ár hefur veturinn orðið miklu stærri vertíð en var fyrstu árin, þannig að eftir að hafa verið í íshellaferðum alla daga frá byrjun nóvember til loka mars, þá var kannski ekki alveg eins spennandi að hlaupa beint inn

í Hvannadalshnúks vertíðina sem var venjulega frá miðjum apríl fram í miðjan júní. Svo að núna fer ég bara fáeinir ferðir með fjallaskiðafólk á vorin, en fer annars bara einn mér til heilsubótar og til að laga skapið. Konan mín minnir mig stundum á, hvort það sé ekki kominn tími á Hvannadalshnúk þegar ég er orðinn erfiður.

Ýmis met varðandi Hvannadalshnúk

Ég hef alltaf haft gaman að því að reyna við allskonar met á Hvannadalshnúk. Fyrsta janúar 2018 stóð ég í 300. skipti á toppi Hvannadalshnúks og ég held að ég geti fullyrt að enginn verið þar oft en ég. Árið 2016 náði ég að standa á toppnum í hverjum mánuði sama árs (stóð tæpt, því að í desember mánuðinum náði ég toppnum ekki fyrr en á Gamlársdag). Eitt skipti náði ég að vera á toppnum 5 sinnum í sömu vikunni, ljóst að það þarf að bæta það, það eru jú 7 dagar í viku.

Þegar ég var nýfarinn að stunda fjallamennsku frétti ég að nokkrir Ísalp félagar (Guðmundur Helgi Christensen) hefðu verið ótrúlega fljótir upp á Hvannadalshnúk og það vaknaði áhugi hjá mér að reyna það líka. Man ekki hver tími þeirra var, en það var á Virkisjökulleiðinni. Fyrir nokkrum árum varð vinur minn Ívar Finnbogason hjá Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum methafi í stystum tíma á Hvannadalshnúk, þegar hann náði toppnum á tímanum 2 klst og 53 mínútum. Hann hljóp þetta í októbermánuði

á léttum skóm í grjóthörðum snjóaðstæðum þannig að hann þurfti ekki að hafa áhyggjur af sprungum. Hann fór Sandfellsleiðina. Hann var ekkert að flýta sér niður þannig að þetta met er bara fyrir uppleiðina.

Auðvitað sór ég þess dýran eidd að ég myndi ná af honum metinu en það hefur ekki tekist ennþá. Fyrir 2 árum náði ég að vera 2 klst og 58 mínútum, en vantaði herslumuninn. Ég var á fjallaskiðum og það var huggun harmi gegn að ég var eldsnöggur að rífa skinnin af, og læsa skónum og náði að skíða niður á 1 klst þannig að heildar tíminn á Hvannadalshnúk og niður aftur á Sandfellsleið stendur nú í sléttum 4 klst.

Ég er viss um að fleiri en ég ágirnast hraðamet á Hvannadalshnúk á Sandfellsleið þannig að mig langar að nota tækifærið hér til að auglýsa að Örafæferðir hyggjast halda fjallaskiðakeppni á Hvannadalshnúk í fyrri hluta apríl 2019. Það hafa verið haldnar fjallaskiðakeppnir á Siglufirði síðustu árin um miðjan maí og ég vil hvetja alla til að mæta þangað líka, en fjallaskiðakeppni á Hvannadalshnúk er augljóslega keppni sem er löngu tímabær í landi sem á fjallafólk með einhverja sjálfsvirðingu.

Einar Rúnar Sigurðsson,
eigandi og fjallaleiðsögumaður Örafæferða



Útsýni af toppnum í ágúst 1989.



Fjallaskiðamenn árið 2008.

Einar að koma á toppinn árið 2007.

Texti: Sigurður Ý. Richter

Ef þú smælar framan í Svíþjóð

Um verslunarmannahelgi, eftir vosbúðarlegt sumar á suð-vesturhorni Íslands kölluðu tveir njólar þetta gott og stefndu í dótaklifurvíking til Evrópu. Og þeim til mikillar ánægju þurfti ekki að halda lengra en til Svíþjóðar í dótaklifur á heimsmælikvarða. Þó klifur hafi verið með endemum gott, fannst öðrum þeirra greinilega vanta upp á spennu í ferðinni, og endaði ferðina með smá brambolti.



Sláturkeppurinn að hlunkast upp fyrir þakið í Tor Line.
Ljósmynd: Magnús Ólafur Magnússon

Hnappavellir – 7.7.2018

„3, 2, 1-“
 „-Nei!“
 „Nei?“
 „Nei!“
 „...helvítis“

Ég lít aftur niður, ég er engu nær jörðu en áður. Þó klifur snúist um að halda hvað maður getur í vegginn, er furðu erfitt að sannfæra sjálfan sig um að sleppa.

Vinstri höndin situr í þröngum handalás á meðan hægri hangir í þversyllu og er því ívið „pumpaðri“. Vinstri fóturinn er snúinn í fleyðraðri sprungunni en hægri flatmagar ristina á veggnum, ætlunin var ekki að hanga hér til frambúðar.

Þriðja tilraun. Fyndið hvað það getur verið auðvelt að venja sig á fall í sportklifri, allt er stjórnað, andardrátturinn og líkamsstaðan. En þegar á að detta í dótaklifri, það eina sem hausinn býr sig undir að heyra er „tsing-SPLATT!“.

Vöflujárnið, klassíska fimm níu handasprungan í Miðskjólí þýtur hjá eftir að ég næ loks að sleppa takinu. DMM Dragon 5 vinur hangir eftir meðan ég hraða mér aftur að línutarpnum og það fer líklega ekki að strekkjast á línunni fyrr en komið er niður að miðri leiðinni. Eflaust hefur ekki farið fram hjá neinum hvar ég ætlaði láta gossa, ef marka hefði mátt þvingaðan andardráttinn, því um leið og línun grípur stekkur Magnús Ólafur létt með til að mýkja fallið.

Brött leiðin þýðir að fallið er hreint og beint svo ég staðnæmist dinglandi um metra frá byrjun sjálfar hnefasprungunnar. Þar sem Maggi dróst upp með línunni náum við rétt að klessa hnefanna líkt og við værum slöpp eftirlíking af lofti Michelangelos í Sixtínsku kapellunni, hangandi á einum vin sem blés ekki úr nös.

Ég sveifla mér að leiðinni, klifra aftur upp á topp og hreinsa. Vöflujárnið er

orðið vel stimplað í minni, enda komið í eiginlegan vana að klifra sprunguna í hverri Hnappavallaferð. Undir leiðinni bíða tveir Gæðingur Sumar IPA og við skálum, pökkum græjunum og rúllum aftur í matinn í Tóftinni sem við skildum svo snögglega við.

Yfir matseldinni stuttu áður ræddum við ýmsar leiðir sem þyrfti að sækja heim sem fyrst, bæði sport og dót, langar og stuttar. Í því finnst mér einhvert ónot við þá tilhugsun að láta reyna á þolmörkin með tryggingar sem mig helst langar ekkert að kanna hvort haldi falli.

Þá var ekki annað í stöðunni en að sannfæra eigið höfuð um að það er ástæða fyrir að þessi búnaður hlýtur evrópu-staðlaða vottun; Því í dótaklifri má bara alveg detta. Og hausinn þarf að vera í lagi fyrir Bohuslän í næsta mánuði.

Kaupmannahöfn – 4.8.2018

Með sæti 9A í vélinni er ég fyrstur út þegar við lendum á Kasturp. Þó ég hafi vitað að hitabylgja geisaði í Norður-Evrópu, þá hefur þetta kalda hret-sumar á suð-vesturhorni Íslands hlaupið með mig í gónur, því ég er enn í mjúkskeljabuxum og hettupeysu. Þungt regnskógarloftið er því ekki lengi að þvinga mig til að fækka fötum og ég fer strax að hafa áhyggjur af því hvort sé yfir höfuð hægt að klifra í þessu ólífi.

Eftir að hafa sótt bílaleigubílinn mælum við Maggi okkur mót á brugghúsinu Warpigs, en hann hafði tekið aðra vél til kóngsins Köbenhán á eftir mér. Nú er um að gera að njóta alvöru kjöts og góða bjórsins, því við vitum báðir að næsti áfangastaður er heimaland kjötfarsborgaranna; Svíþjóð.

Bohuslän – 5.8.2018

Eftir akstur norður til Bohuslän kvöldið áður, sem var litlu lengri en á Hnappavelli úr bænum, höldum við í morgunsárið í átt að Brodalen, litlu þorpi sem er víst brennidepill klifursvæðisins.

Og þar á einnig að vera hægt að fá leiðavísinn. Verslun bæjarins minnir óneitanlega á gamla Samkaup í Bakkagerði, að því einu undanskyldu að það fyrsta sem mætir manni er nauðsynjavaran í Bohuslän, veggur þakinn allskyns dótaklifurgúmmulaði.

Héðan þræðum við veginn örstutt til baka að yfirgefni lestarstöð sem gegnir nú því hlutverki að vera bílastæði fyrir Hallinden, einn af glæsilegu granítveggjum á svæðinu.

Rétt rúmu ári áður sátum við Maggi á svölunum í íbúðinni hans í München, þar sem ég var í heimsókn þá, og veltum vöngum yfir hvar í Frankenjura við skyldum klifra næsta dag. Þá kom einnig til tals meindýravandamálið í skógum Mið-Evrópu, og var lögd sérstök áhersla á sníkjudýr á borð við mítilinn. Og drottinn minn dýri, ef skaparinn er þá til, hvers konar hugmyndaflug þarf í að skapa slíkan ófögnað og alla þá mögulegu taugasjúkdóma sem honum fylgja.

Ári seinna í Svíþjóð, með allar þessar myndir og sögur af mítlum og óafturkræfum taugasjúkdómum í fersku minni, drekkjum við okkur í allskyns mítlafælum, vopnaðir tögum og einhverjum galdraplástrum sem eiga víst að frysta mítilinn. Ekki veit ég hvernig, en ef þetta lofar að drepa þá, þá tókum við því.

Við skondrum nú slóðann að Hallinden og forðumst háa grasið eins og heitan eldinn. Maður gerir sér ekki grein fyrir raunverulegri hæð veggjarins í Hallinden úr fjarlægð, þar sem heil 30 metra spönn er falin í skóginum. Þaðan eru svo allt að 50 metrar aukalega alla leið upp á topp. Hugmyndin var að byrja á einni af fjórum klassísku fimm tíunum í Bohuslän og er fulltrúi þeirra í Hallinden 5.10c leiðin **Prismaster**. Hér lendum við hins vegar strax í vandamáli sem sjaldséð er í Stardal; einhver er fyrri til í leiðina. Óþreyjufullir nenum við ekki að bíða,



Hallinden trónir yfir skóginum, séð frá lestarstöðinni. Ljósmynd: Magnús Ólafur Magnússon

og stefnum því á Pekkás Diplómtur, 5.10 handa-/hnefasprungu innar í skóginum (aðkoma sem fer ekki vel í menn, nýupplýsta um öll veraldleg vandamál mítlafórnarlamba). En Diplómturinn hans Pekká er þess virði, stórskemmtileg leið sem líkist nokkuð **klassísku 5.8** í Miðhamri í Stardal, nema hreinsuð og úr graníti.

Við erum komnir aftur að aðalveggnum eftir upphitun dagsins, en enn virðist Bohuslän ætla að koma á óvart því annað teymi er mætt nú í Prismaster. Ekki nenum við að dröslast aftur inn í skóg svo við hinkrum hér og gónum á meðan upp í leiðirnar í bratta veggnum. Þar fangar augun leið sem ég man eftir að hafa punktað niður áður en við höldum út, **Afterburner**, 5.11 leið sem fær víst fantafína dóma. Ég er eitthvað tregur til

að hjóla leiðina, enda kemst maður ekki að því fyrr en undir leiðunum, að veggurinn hallar líklega stöðugar 5-10° yfir sig.

Maggi er hins vegar ekki lengi að sannfæra þennan búðing um að drullast til að reyna við leiðina, þetta er jú granít og sprungur alla leið. Og því lík leið. Langar, kraftmiklar hreyfingar á fingralásnum í allar áttir. Í miðri leiðinni tekur hins vegar við um tveggja metra hliðrun yfir í næsta sprungukerfi og þar vandast málin. Þessi sprunga er ívið þrengri og reglulegri en sú síðasta, og engir fætur í boði aðrir en að smyrja sprunguna. Þar sem syllan er góð er hægt að koma fyrir góðum tryggingum fyrir hvora línuna og svo er lagt í hann. Ég hélt ég væri búinn að átta mig á næstu lásnum út frá kalkinu í sprungunni fyrir ofan, en þegar á hólminn er komið, passa þessir feitu

pylsufingur tæplega í öðrum hverjum lás. Þetta verður því einhverskonar kynferðisleg laxaglíma við sprunguna á þeim stöðum sem fingurnir rétt sleppa, glíma sem tekur það langan tíma að pumpklukkan bíður varla upp á tryggingar. Steikjandi sólin efst í leiðinni gerir svo lokaútslagið, og sveittir, aumir fingurnir leka út úr sprunginni. Fyrst þá átta ég mig á því að seinasta trygging er langt undir mér. Í granítinu er hann hinsvegar á heimavelli. Vipper, og í adrenalínæðinu langar mig hálfpartinn að detta aftur. Ég jöðla mig upp, eftir að hafa hrist úr mér pumpuna, hlunkast upp á toppogsgniður til að hreinsa.

Nú grípum við tækifærið. Loks er Prismaster, leiðin sem átti að vera upphitun, laus og við erum ekki lengi að hlamma okkur fyrir byrjunina á leiðinni.



Maggi að leggja í Pekkask Diploma. Ljósmynd: Sigurður Ý. Richter

Maggi tekur svo að sér að leiða þessa tveggja spanna klassísku stemmsprungu vandræðalaust.

Nú er dagurinn vel hálfnaður og við nýtum okkur enn einn kostinn við Bohuslän. Hér er ekki nema 15 mínútna akstur í Ikea. Og í sænsku Ikea eru pylsur á 5 krónur og boðið er upp á frítt kaffi og sódavatn ef maður nennir að ganga hringinn. Aldrei hef ég farið jafn oft í Ikea á fjórum dögum.

Í lok dags kikjum við á Häller, líklega frægasta klettinn á svæðinu. Og ekki er laust við að hér finni maður fyrir umtalaða Häller-heilkenninu. Sextíu metra yfirhangandi granítveggurinn slúttir yfir, og minnimáttarkenndin leynir sér ekki. Þessi tilfinning var einmitt ástæða þess að menn létu sér í fyrstu ekki detta í hug að klifra vegginn, þar sem þeir töldu hann vera allavega hundrað metra háan og gott betur. Þar til kom í ljós að hægt var að síga hann á sextíu metra línu. Líklega klassískasta leiðin í veggnum, **Tor Line**, hreinlega öskrar á athygli. Við stöndum undir henni og

gónum á fullkomna handasprunguna sem sker sig út í gegnum tveggja metra þakið yfir okkur. Leiðina þekkjum við ágætlega enda löngu orðin að eiginlegri þráhyggju. En ekki færum við að reyna við hana núna, rétt fyrir myrkur. Það er hins vegar staðfest að við yfirgefum ekki Svíaríki án þess að munda okkur við sprunguna. Þess í stað förum við í 5.10 klassík Bohuslän númer tvö, **Mall-oral**, sem er eins konar Janus svæðisins. Kannski ekki besta leiðin á svæðinu en þar sem þetta var fyrsta leiðin sem farin var í Häller veggnum, er þetta nauðsynlegur viðkomustaður í menningarferð til svæðisins.

Bohuslän – 6.8.2018

Líkt og í handriti, sitja danirnir tveir á bekknum úti í garði gistiheimilisins. Ef hægt var að treysta á eitthvað í þessari ferð, var það að það seinasta sem við sáum úti á kvöldin voru þessir tveir bú-sældarlegu, eitur-hressu danir, sitjandi á bekknum í garðinum með sígó og Carlsberg. Og það fyrsta sem tók á móti okkur á morgnana voru sömu kaudarnir, á sama bekknum, með sígó og Faxe

Kondi í morgundögginni. Þó þeir hafi verið kampakátir og alltaf til í að spjalla, höfðum við það ekki í okkur að spyrja; höfðu þeir setið þarna alla nóttina?

Rigning í kortunum. Eftir morgunmat drifum við okkur upp í Brodal til að nýta þessa örfáu þurru tíma dagsins og stoppum við Vålseröd vegginn. **Vil-skudd**, þriðja klassíska fimm tían er komin í hús fyrir hádegi, heldur tæpara klifur en hingað til með áhugaverðri tryggingalausri slabbhliðrun milli tveggja sprungukerfa. Granítið heldur áfram að gefa. En rigningin hefur enn ekki látið sjá sig og fyrst við höfðum ekki gert ráð fyrir meira klifri í dag, kikjum við aftur í Häller. Þó þar sé nóg af stórkostlegum leiðum í boði, nær þráhyggjan ekki augunum af Tor Line. Það hefur líklega verið nokkuð greinilegt, því Maggi býðst til þess að reyna við leiðina fyrst og skoða hreyfingarnar og tryggingamöguleikana svo ég ætti meiri möguleika á að leiftra leiðina.

Leiðin einkennist af nokkuð þægi- legu klifri upp að þakinu. Þar taka við kraftmeiri, hrein sprungutök út og yfir þakið, og eftir það er hugguleg sulta upp í akkeri. Eftir að hafa fundið nokkur tók, hvíldir og réttu tryggingarnar í sprunguna, sígur Maggi niður úr þakinu á camalot. Restin af leiðinni ætti nú að vera nokkuð augljós. Þá er komið að mér að láta reyna á þetta, nema hvað, nú er farið að dropa. Hugmyndin var að teipa hendurnar til að klifra þetta í upprunalega stílnum, en rigningin býður ekki upp á það svo ég kyngi stoltinu og flýti mér í sprunguklifurhanskana. Ég legg af stað og áður en ég veit af lætur léttur dynkur á hjálminum mig vita að ég er kominn undir þakið. Ég teygdi mig út sprunguna, í vininn sem Maggi skildi eftir, tek hann úr sprungunni, ber hann við beltið og teygdi mig út til að koma honum aftur fyrir (allt fyrir leiftrið). Örstutt öndunaræfing, og svo tekur þakið við. Lárétt sprungan er hér um bil fullkomin handastærð, en þegar höfðuð stingst út fyrir þak-

skeggið uppgötvast tvennt; Sprungan þrengist snögglega eftir þakið og nú er byrjað að rigna. Ég verð þínu feginn því að hafa tekið sprunguklifurhanskana því meira að segja með gúmmíinu renna hendurnar löturhægt út úr sprungunni á blautu granítinu. Vitandi af mikilvægum, ógreinilegum fæti í aðalhreyfingunni, ganga átökin nokkuð smurt fyrir sig. En, þegar talað er um smurt, líkist klifrið einna helst ánamaðki með krampa. Allur kroppurinn notaður, rassinum dillað hægri vinstri, þokkalitlar stunur og þetta rétt hefst, báðir fætur eru komnir upp fyrir þakskeggið. Nú er aðeins hægt að ná andanum eftir þessa grjótlímu, en restin virðist ekkert létt lengur. Vöðvar í framhandleggjunum, sem ég vissi ekki að væru til, eru farnir að krampa eftir spennitökin. En allt hefst þetta með svipuðum þokkastunum og Tor Line er búin í bili. Stórkostleg leið og athyglin sem hún fær í myndinni Crackaholic ekki að ástæðulausu.

Rigningin hins vegar ágerist bara og reyndist hún nóg til að drepa skjáinn á símanum sem ég hafði skilið eftir niðri. Það sem eftir lifir dags fer í friðkypis síðdegiskaffi í Ikea, rúnt um svæðið í rigningunni að skoða fleiri hamra, og heilsa upp á danina á gistiheimilinu, sem nú höfðu þurft að færa bekkinn góða undir þakskeggið yfir veröndinni.

Bohuslän – 7.8.2018

Rakinn er úr kortunum eftir rigninuna í gær og dalalæðan og döggin nær hylur danina í morgunsólinni. Að vanda byrjum við daginn á klassískri 5.10, og er seinasta leiðin í fjórleiknum í Galgeberget. Vitandi að Galgeberget er krökkt af vinsælum fimm tímum, brunum við til að vera fyrstir og fá pláss við klettinn. Einni upphitunarleið seinna fleygjum við okkur í **Bagatell**, klassísku fimm tíuna sem er reyndar 5.11 í dag, en við getum huggað okkur við að hún fengi aldrei meir en 5.9 í Stardal. Slabb, stemm og þak, og hér þarf ekki einu síni vini, fingralásarnir eru skólabókahnetustæði.



Maggi í Masken að koma fyrir vafasömu hnetunni, rétt fyrir lykilkafllann. Ljósmynd: Sigurður Ý. Richter

Sáttir með morguninn og veggirnir allir orðnir þurrir, röltum við yfir í minni klettinn í Galgeberget. Hér eru leiðirnar ívið styttri, en á móti kemur, töluvert stífari en í hærri klettinum. Maggi hafði komið auga á þennan líka glæsilega fingra-klofning (e. **Splitter**), 5.11c leiðina **Masken**. Ætli ég hefði ekki

boðist til að hlunkast upp leiðina og kanna leiðina fyrir hann, ef ekki hefði verið fyrir hollendingana sem þegar voru að leggja í hana.

Þar sem flestar aðrar leiðir í hamrinum eru fullorðinsleiðir og gott betur, höldum við okkur við áætlunina, svo við röltum

yfir og spjöllum við þá Hans og Harald, en Harald er þegar lagður af stað og kominn upp þriðjung leiðarinnar. Um það leiti sem við mætum rennur upp fyrir honum að hann vantar vin í stærð oo fyrir framhaldið og þegar við bjóðum þeim vin úr okkar rakk, þyggur hann boðið og einfaldlega niðurklifrar leiðina. Þegar við komumst að því að kaflinn sem hann hafði klifrað upp, til þess að klifra aftur niður, einfaldlega til þess að klifra upp aftur, var fyrri lykilkafli leiðarinnar, gerum við okkur grein fyrir því að þeir vita líklega vel hvað þeir syngja, svo við stöldrum við og fylgjumst með klifrinu (ekki verða að fá greinagóðar leiðbeiningar fyrir leiðina).

Eftir að hafa fylgst með þeim klifra leiðina, gleipt í okkur hádegismat og slúðrað um íslenska klifrara í Hollandi og hollenska klifrara á Íslandi, er nú komið að okkur að reyna við leiðina. Þar sem hollendingarnir ætla að staldra við á svæðinu aðeins lengur, bjóða þeir okkur að fá lánaða einhverja af minni vinunum sínum í leiðina, enda samanstóð sá hluti okkar rakk af litlu öðru en einum oo og tveimur o, í 20 metra leið. En þar sem við

erum þverhausar, afþökkum við gott boð. Við viljum heldur ekki að fara að binda þá við okkur ef ske kynni við hlunkumst í leiðinni í lengri tíma. Því sannfærum við, granít-amatörarnir, okkur sjálfa um að hnetur hljóti nú líka að virka í þráð-beinni granitsprungu, svo Maggi lætur vaða í leiðina.

—PUNK!

Rykið þyrlast upp og leikur um hlýja sólargeislana sem stingast milli trjáanna. Líklega tvær til þrjár sekúndur líða áður en ég, stjarfur, átta mig á því sem gerðist. Línun greip ekki!

Augnabliki eftir að hafa fylgst með Magga, í gegnum speglageraugun, að klifra með öryggi uppúr lykilkafnanum, er hann horfinn úr rammanum og lentur á jörðinni tvo metra fyrir framan mig. Um leið og ég rýk af stað til að styðja við Magga, sé ég stóran stein sem varð undir baki hans. Hollendingarnir, sem fylgdust með klifrinu rétt hjá, stökkva um leið frá hádegismatnum til að hjálpa og veltum við Magga á hliðina. Engin svör, en þvingaður, reglulegur andadrátturinn

og heill hjálmur þýðir þó að líklega fór ekki allt á versta veg. Þó meðvitundarleysið hafi varla varað lengur en 3-4 mínútur, virtist tíminn líða löturhægt. Hans, sem er sleipastur í sænskunni, hringir á neyðarlínuna og um það leiti sem sjúkrabíll er sendur af stað rankar Maggi snögglega við sér. Ró færast yfir hópinn þegar Maggi sýnir fram á, þokkalega áttaður, að hann veit hverra manna hann er og að Ólafur Ragnar er ekki lengur forseti. Skammtímaminnið flöktir þó eitthvað, en á meðan við bíðum eftir sjúkrabílnum, sakar ekki að hlæja að sömu bröndurinum nokkrum sinnum. Eftir ítarlega líkamsskoðun og að hafa útskýrt fyrir Magga, með reglulegu millibili, hvað hefði gerst, hossast tveir sjúkrabílar til okkar yfir túnið. Sjúkraflutningahópurinn tekur hér við og eftir að hafa þrætt klifurbeltið, línuna og dótið af (hér fær enginn að klippa neitt, vitiði hvað svona arcteryx belti kostar!?), komum við Magga á börur og í sjúkrabílinn. Áður en leiðir skilja, hlæjum við að því að líklega byðist ekki öruggara tækifæri fyrir mig að klifra línulaus 5.11c, með tvo sjúkrabíla og sex sjúkraflutningamenn í viðbragðsstöðu.

Eftir að hafa sópað saman dótinu, þakkað hollendingunum fyrir allt og fylgt óljósum leiðalýsingum að sjúkrahúsinu, er mér þrem korterum seinna hleypt inn á bráðamóttökuna á sjúkrahúsinu í Álvsborg. Á tandurhreinu sjúkrahúsinu sé ég fyrst nú að hvítur stuttermabolurinn er orðinn grábrúnn af svita og mold. Maggi, furðu hress, liggur hlekkjaður við sjúkrarúmið meðan beðið er eftir að það losni pláss í myndatöku, til að kanna mögulega hryggáverka.

Eftir myndatökurnar og meðan við bíðum eftir niðurstöðum, reynum við að fara yfir hvað nákvæmlega gerðist, sem varð til þess að hann datt. Klifrið er farið að rifjast upp fyrir honum og man hann allt fram að seinustu hreyfingunni fyrir fallið. Við komumst að lokum að mögulegri eftirfarandi niðurstöðu:



Maggi fluttur í sjúkrabílinn. Hans er lengst til hægri. Ljósmynd: Harald Swen

Til að byrja með kom hann upp að fyrri lykilkafnanum, en þar sem við töldum okkur agalega sniðuga, sammældumst við um að líklega væri best að spara litlu vinina fyrir seinni úthaldskaflann í leiðinni. Hér væri nú nóg að reyna að nota hnetur. Eitthvað gekk það brúlega, en tókst Magga þó að koma fyrir einni, vafasamri off-set hnetu, og með það lagði hann í erfiðasta kaflann. Ég reyndi að hagræða mér og komast þétt upp að veggnum, svo hnetan losnaði síður og leysti Maggi næsta kafla af öryggi. Þar var „mögulegur“ staður fyrir stærri tryggingu, sem þó þyrfti einhverja útsjónarsemi. En honum verður þá litið á næstu syllu fyrir ofan sem leit enn betur út, og beiddi því með að koma fyrir tryggingu. Við næstu syllu var líka betra tryggingastæði. En í þeirri hreyfingu, sem líklega var í yfir sex metra hæð en þó ekki stíf hreyfing í samanburði við þá fyrri, gerðist eitthvað (mögulega skrikar fótur?) og hann missir takið. Slöpp hnetan átti ekki roð í fallið og einfaldlega rifnaði úr, svo ég fékk engu bjargað.

Nú kemur læknirinn til okkar og útskýrir hún fyrir okkur að ekkert virðist ama að; mikið mar en engin brotin bein. Svo við sleppum af sjúkrahúsinu þrem tímum eftir fallið, með sekk af verkjalyfjum og reikning upp á litlar 300 sænskar krónur.

Bohuslän – 8.8.18

Eigum við ekki að vera þakklátir fyrir það að Maggi hefði líklega ekki getað valið betri tímasetningu fyrir fall. Nógu seint til að við náðum þrem góðum klifurdögum, og samt nógu snemma til að við náum fluginu heim og verkjalyfin endast ferðina út á flugvöll. Flugði fer seinni partinn, svo líklega hefði fengist tími til að kljást við einhverjar klifurleiðir áður en við keyrum til Köben, en við sammældumst nú um að við erum með þokkalega löglega afsökun fyrir hvíldardegi.

Eftir að hafa þakkað saman og kvatt danina í garðinum, kjögum við einn loka hring um Ikea í leit að kaffibolla, og höldum svo áleiðis aftur til Danmerkur. Í Kaupmannahöfn skilja leiðir aftur,

starfsfólk Flugleiða taka við Magga og koma honum stokkbólgnum og létt-dópuðum heim, ég held hins vegar áfram yfir Beltin, „heim“ til Árósa.

Þrátt fyrir þykkar höfuðkúpur gátum við dregið smá lærdóm af ferðinni og fallinu:

- Bohuslän er málið!
- Dótaklifur er ekki sportklifur.
- Það getur þó vel verið jafn öruggt, en aðeins undir réttu forsendunum (með réttum tryggingum og við-eigandi reynslu).
- Ekki spara tryggingarnar í upphafi leiða.
- Ef þið ætlið ykkur að slasa ykkur í klifri, gerið það í Svíþjóð, það er miklu ódýrara.
- Að lokum, ef ókunngir, vinalegir hollendingar úti í skóg bjóða ykkur að handfjatlá litlu vinina þeirra, þiggið boðið og þakkið fyrir!



Fagfólkið mætt í verkið. Steinninn við fæturna á Magga er sá sami og varð undir bakinu í fallinu. Ljósmynd: Harald Swen.

Texti og myndir: Jónas G. Sigurðsson

Klifurferð til Ungverjalands

Þann fjórða ágúst héldu Árni Stefán, Sif og Védís ásamt undirrituðum af stað frá Keflavík til Budapest í Ungverjalandi. Klassískt flug sem fór af stað allt of snemma. Í Budapest hittum við Helgu, sem býr á Spáni um þessar mundir, ásamt teymi frá Ungverska alpaklúbbnum. Við hlóðum töskunum okkar í bílana hjá Ungverjunum og þeir keyrðu okkur yfir landamærin yfir til Skóvakíu og upp í Vysoké Tatry, eða hærri Tatrásfjöllin. Bílarnir hentu okkur út við lestastöð, við færðum allar töskurnar okkar yfir í annan bílinn og gengum í klukkutíma að fjallahótelinu þar sem við gistum næstu þrjár nætur.

Veðurspáin fyrir morguninn var svipuð og á Íslandi, rigning. Það endaði reynda á að vera ágætt að fá einn dag af íslensku veðri því að restin af ferðinni var yfir 30°C. Ungverjarnir stungu upp á að við myndum hittast í morgunmat klukkan 7:30 til að funda um hvað við gætum gert þennan fyrsta dag. Okkur leyst ekki alveg nógu vel á þá uppástungu eftir um 12 tíma ferðalag og tímamismun. Lokaniðurstaðan var að við myndum hittast um 8:00 og við mölduðum ekki meira í móinn.

Yfir morgunmatnum var ákveðið að við myndum fara í gönguferð upp dal sem að fólk má venjulega ekki ganga um nema það sé að fara þar upp í klifurtengdum erindagjörðum, svo að við höfðum dalinn alveg út af fyrir okkur. Í byrjun gengum við í smá úða sem breyttist svo í sólskin um tíma. Þegar við komumst upp á hæsta punkt dagsins dróg allt í einu ský fyrir sólu og góða veðrið varð að þrumum, eldingum, hagléli og svo skýfalli. Við hröðuðum okkur niður og eftir innan við klukkutíma stytta upp og við ákváðum að taka okkur frískandi sundsprett í einu af stöðuvötnunum sem urðu á leið okkar. Ungverjarnir héldu smá kynningu fyrir okkur um kvöldið og sýndu okkur leiðarvísa fyrir svæðið svo að við gætum skipulagt næstu daga. Þeir buðu okkur einnig upp á fleiri

göngur, grjótglimu og fjallahlaup. Við sáum stóra granítspýru sem að trónði yfir fjallahótelinu og settum stefnuna á hana.

Morguninn eftir fórum við af stað á þægilegri tíma, enda gangan að leiðunum ekki svo löng. Við skiptum okkur í tvö teymi og fórum sitthvorar þrjár spanninna upp fyrsta aðalvegginn. Á toppnum á veggnum sameinuðum við aftur krafta okkar og bróltum saman upp bratt gil þar til að við fundum spýruna. Klifrið upp sjálfa spýruna var lauflett en útsýnið þaðan var algjörlega frábært. Við komum okkur yfir á vinsæla gönguleið og héldum niður á við. Þessi gönguleið var áhugaverð að því leiti að hún lá niður granítskriðu sem að hafði algjörlega verið endurraðað þannig að hún myndaði slétta götu til að ganga eftir.

Síðasta daginn okkar í Tatrás skiptum við liði. Ég og Ottó fórum í frábæra þriggja spanna leið á sama vegg og daginn áður, hún var skráð sem sportleið en það var ansi langt á milli boltanna. Sif og Védís vöknudu snemma og settu stefnuna á hryggjaleið sem fékk hæstu einkunn í leiðarvísunum en var talsvert langt í burtu. Árni fór upp í sama dal og fyrsta daginn og skoðaði grjótglimuþrautirnar sem voru þar í boði og Helga fór í gönguferð um svæðið



Útsýnið frá fjallahótelinu, drýlið sem við klifruðum sést fyrir miðju.

og skoðaði grjótglimuna. Í lok dags gengum við niður á lestarstöðina sem að við fórum út við þrem dögum áður og keyrðum áleiðis til Aggtelek í Ungverjalandi. Lýsingin sem við höfðum fyrir svæðið var að þar voru 30 leiðir og að við værum að fara taka þátt þar í klifurkeppni með 100 manns. 100 manns í Valshamar Ungverjalands hljómaði ansi þétt, sérstaklega í 30+ stiga hita svo að við biðum spennt eftir að sjá hvað í raun beið okkar.

Við keyrðum í tvo tíma frá Tatrás fjöllum og við bókstaflega keyrðum yfir landamærin á milli Slóvakíu og Ungverjalands og beygðum til vinstri inn á tjaldsvæðið.

Í Aggtelek bættust Bjartur og Esther í hópinn og voru þar miklir fagnaðarfundir. Fyrsta daginn í Ungverjalandi komumst við að því að Aggtelek er þjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO og það er blátt bann við klifri allt árið nema fjóra daga í kringum þessa klifurkeppni og það má enginn klifra nema vera skráður í keppnina. Klifurkeppnin byrjaði ekki fyrr en daginn eftir svo að við sannfærðum nokkra Ungverja um að skutla okkur aftur rétt yfir landamærin á klifursvæðið Zádiel. Í Zádiel kom Kári og hitti okkur en hann er búsettur í Slóvakíu á meðan hann er í lækni-



Mætt til Budapest og spennt fyrir komandi vikum.



Nýsloppin úr þrumustorm, tími fyrir sundsprett.

fræðinámi. Eftir dag af sportklifri fóru Ungverjarnir með okkur í hellaskoðunarferð, mjög drullugur og fullur af vatni að hluta til en mjög fallegur.

Fyrsta dag klifurkeppninar byrjuðum við á auðveldu leiðunum, bæði til að kynna svæðinu aðeins og allar leiðirnar voru gráðaðar í UIAA gráðukerfinu sem við höfðum aldrei notað áður. Einnig komumst við að því að ekki nóg með það að þjóðgarðurinn bannaði klifur allt árið heldur þurfa forsvarsmenn keppninar að taka niður hvert einasta auga af veggnum þegar keppninni er lokið og skrúfa aftur upp af ári liðnu. Það sem okkur fannst einnig áhugavert var að engum af Ungverjunum fannst þetta vera neitt skrýtið fyrirkomulag, en við kvörtuðum allavegana ekki því að á sama tíma og þeir skrúfa allt svæðið upp aftur þá eru settir tvistar í hvert einasta auga og það einfaldar klifrið heilan helling. Annað fyrirkomulag keppninar var að það mátti enginn klifra í ofanvaði, allir þurftu að leiða og ef að maður datt eða settist í þá þurfti maður að siga niður á jörð.

Aggtelek reyndist vera hið skemmtilegasta klifursvæði, skipt niður í þrjú undirsvæði þar af eitt sem var meira og minna í skugga allan daginn inni í litlu rjóðri, annars klifruðum við eins og við gátum fram að hádegi og svo aftur frá 3-4 eftir að hafa fengið okkur ís vatn, bjór og siestu.

Við klifruðum alla þrjú klifurdagana eins og við gátum og tókum þátt í samkomum og keppnum á kvöldin. Árni, Bjartur, Védís og undirritaður settu saman reipitogslíðið Smalasyrnir, rústuðu riðlakeppninni og enduðu í fyrsta sæti.

Síðasta kvöldið í Aggtelek var haldin lokaathöfn þar sem kom í ljós að í Árni, undurritaður og Ottó lentu í fyrsta, öðru og þriðja sæti í B flokki karla og Védís varð í fimmta sæti í B flokki kvenna. Einnig fengu Smalasyrnir glæsilegt viðurkenningaskjal og fjórar vínflokkur fyrir magnaðan sigur á reipitogsmótinu.

Íslendingarnir voru enn í HM stuði eftir sumarið og Ottó kom með þá frábæru hugmynd að við myndum leiða víkingaklapp fyrir alla viðstadda, það var nú einu sinni risa gong á svæðinu sem Bjartur var æstur að spila á.

Eftir fjóra frábæra daga í Aggtelek héldum við til Budapest þar sem að við tókum heilan dag í að heimsborgarast áður en að við héldum aftur heim á leið þar sem að hitinn var undir 30 stigum.

Þetta var í alla staði frábær ferð á svæði sem okkur hefði aldrei dottið í hug að heimsækja ef við hefðum eingöngu lesið um það. Nú bíðum við spennt eftir að sýna Ungverjunum og Slóvenunum hvað íslenskar brekkur og fossar hafa upp á að bjóða.



Védís klifrar ónefnda leið í Aggtelek.



Jonni - Árni kominn á topp drýlisins og sáttur með útsýnið.



Allir klárir í hellaskoðun.

Texti og myndir:
Kamil Kluczyński

Glacier Diabetes Project



Crossing Eiríksjökull in windy conditions during the Glacier Diabetes Project. (Verðlaunamynd: 2 sæti í Mannlif á fjöllum)

It had long been a fancy of mine to see what every glacier in Iceland has to offer, especially the landscape that encompassed them. When my diagnosis came I saw an opportunity to see them and prove to myself that a disease cannot hold me back from leading the life that I want. The mission is straightforward, cross every independent glacier in Iceland only relying on my own two feet to get me over. There are 150 glaciers on my list, so far I have crossed four. The glacier diabetes project is thus the result of my passion for glaciers and my diagnosis of type 1 diabetes.

My project began in the spring of 2018 on Okjökull. We tried to find some ice left from this glacier but were only able to find ice on the map that guided us. We spent most of our time weaving through the snowdrift covered rocks that once lay underneath this glacier. Another goal of the project was to highlight the retreat of glaciers in the presence of climate change. I feel this won't be the only glacier I have trouble finding during my journey.

As spring approached I was able to cross Þórisjökull and Geitlandsjökull in beautiful weather albeit hard snow conditions. Eiríksjökull was a different story. Waiting for a weather window, we finally got one in March. Trying to approach this glacier via a road to the southwest, we were forced to turn around as snowdrift blocked it and a steep slope down into the river made it too dangerous. Instead, we managed

with help to borrow two snowmobiles and approached the steep mountain from the southeast. Due to these delays we arrived at the mountain's base at 13:30. With our skis and split board we slowly ascended the most gentle slope we could find, which was still quite steep. Slowly with a strong wind on our backs we summited and skied down the lee side to cross Eiríksjökull.

The success of crossing the glacier was short lived as we needed to cross the glacier again to return to the snowmobiles. With freezing beards and poor visibility we battled the headwind as conditions deteriorated. We finally reached our snowmobiles by nightfall. Into the Glacier waited for us at the base of Langjökull with transport back to Húsafell. We were forced to ride the snowmobiles across the glacier in pitch darkness. At one point I crossed my own snowmobile track to realize that I had driven in a circle on the glacier. Eventually we would arrive back in Húsafell at 23:30, completing a 15 hour day.

Ultimately I hope to raise awareness about this disease as I complete my crossings. I intend to finish this project over the next few years. It is important to pursue your passions. The only person that can deny you that dream is yourself.



Lunch break in the middle of Þórisjökull.



Approaching Geitlandsjökull from Langjökull.



Skiing down Okjökull after trying to find ice from the glacier.



Insulin selfie to start off the Glacier Diabetes project on Okjökull.

Texti: Matteo Meucci

Bolaklettur & Brekkufjall í Borgarfirði



Leiðarvísir fyrir ísklifur

Introduction

Many people have been driving past this little pearl for decades, without stopping, heading to bigger missions on the summits of Skarðsheiði such as NW wall of Skessuhorn and N wall of Skarðshorn. Distance from Reykjavík, tunnel toll and little information kept this place as a mystery for a long time after the first routes were climbed. Now there is no toll anymore and it takes the same time to drive to Borgarfjörður as it does to Múlafjall, so no more excuses not to give this place a visit.

If you are a beginner, you won't find that many routes to climb but it's still worth the visit. Advanced climbers will find challenging routes and room for new routes, mostly dry tooling and scottish style ones.

Driving and parking

It takes about one hour to get to Bolaklettur and Brekkufjall from Reykjavík by going through the Hvalfjarðargöng tunnel. Just before crossing the bridge over to Borgarnes, turn off Hringvegur (#1) to the right on to Borgarfjarðarbraut (#50) and drive for a few more minutes until

you can see the cliff on the right. To go to Innri-hvilft, stop by the first farm on the right. To go to Bolaklettur or Brekkufjall, stop by the farm road in front of your desired route.

Please try to park in places without closing roads and ask the farmers if it's ok to leave your vehicle on his land. Approach to the sectors can be from few minutes to half an hour to Innri-hvilft.

History of climbing

The oldest routes in Borgarfjörður date back to the late 80's and were in the Brekkufjall sector. *Ekki er allt sem sýnist* is a must (from the prolific partnership of Páll Sveinsson and Guðmundur Helgi Christensen) that every solid ice climber should have in the bag. Then there was a gap for many years until Ívar Finnbogason and friends (2005-8) climbed the magnificent gully-dihedral of *Gjöfnin sem heldur áfram að gefa* and then exploring the hard crag of Innri-hvilft setting 3 new routes, among them *Bara ef mamma vissi*, a very cool line with splendid basalt formations on the very top. Recently the author has

been adding lines and bolting some dry-tooling routes (M8-9) that still await the first ascender. The very last pearl was added by Albert Leichtfried and Benedikt Purner with *Hard five*, a futuristic route graded M8/W16+.

Geology and conditions

The rock is usually columnar basalt for the western part of the crag and andesite with vertical fissuration for the eastern part. The rock is generally solid and results in quite blank faces and not a lot of gear space.

Conditions usually come in the second part of winter because the cliff is north facing and takes a bit of time to build up the ice, mostly for the Árdalsá & Innri-hvilft part and Bolaklettur. It's possible that the Brekkufjall sector gets in conditions earlier because there are more small streams on top of the mountain that freeze up easier. Sometimes a full week of cold is enough for it to be possible to climb in Brekkufjall. Due to the low elevation the climbs might be strongly affected by warm fronts and rain in winter, Brekkufjall in particular.



"Ekki er allt sem sýnist" one of the best lines of the crag


A) Árdalsá & Innri-hvilft

Turn to the farm Árdalur and then drive all the way up to the gravel mine. Park on the side. Approach takes 20-30 min heading quite straight to the cliff. After a few minutes of hiking, lower to the riverbed and then:

A) Walk along it and climb the waterfall at the end 1-2 pitches WI3, mainly to get to A1-A4

B) Cross the river and rise on the slope that lead to A13 and then traverse beneath the cliff to get to the lines.

Note that it's also possible to get to routes A1-A5 through approach B.



A1) **Bara ef Mamma vissi** 80M
31/01/08: Ívar F., Anthony Bonello, Haukur Elvar Hafsteinnsson
This is the main and beautiful, main waterfall at the end of the crag. The original first ascent was done in less optimal condition on WI5+ spray ice following the left side.

A2) **Móri** WI4, 80M
1999: Ívar F. Finnbogason, Sigursteinn Baldursson
This is a line that was logged but we don't know it's exact location.

A3) **Mús** WI4, 80M
Ívar F., Sigursteinn Baldursson and Guðmundur Jóhannsson
A ghost line that might be the same as A4.

A4) **Glaciologist on ice** WI4, 60M
01/14: Matteo Meucci, Bergur Einarson


A5) **Take a walk on the other side of the stars** WI4, 70M
24/02/16: Matteo Meucci, Elias Holzknicht
While the two world class climbers were bolting A13 we did this line.

A6) **Aussie Pickings** WI4, 70M
31/01/08: Ívar F., Anthony Bonello, Haukur Elvar Hafsteinnsson
In early season conditions this line is in a funnel between the basalt columns.

A7) **Aussie Pickings variation** WI4, 70M
22/03/2017: Matteo Meucci, Bjartur Týr Ólafsson
Slightly to the left of A6.

A8) **Mávahlátur** WI4, 60M
05/02/16: Jónas G. Sigurðsson, Þorsteinn Cameron
Start from the left side of the little ridge. Parallel to A7.

A9) **Engin upphitun** WI5, 60M
22/03/2017: Matteo Meucci, Bjartur Týr Ólafsson
Rare columns that form occasionally. Was the 50th route during Matteo's climbing project in 2017, so we couldn't warm up but went straight for the new and hard line.



A10) **Alea iacta est** M8?, 30M
28/10/17 (bolted by Matteo Meucci, Bjartur Týr Ólafsson)
Start behind A11 and follow the crack system which ascends to the right. After that is a slab which in late season gets some ice. Bolted ground up.

A11) **Niflheimar** WI5+, 60M
Matteo Meucci, Þorsteinn Cameron
Super icicles that occasionally reach the ground.

A12) **Múspellsheimar** 30M
01/16: (bolted by Matteo Meucci, Þorsteinn Cameron, Jónas G.)
Among the routesetters first experiments bolting mixed routes. We set the anchor halfway, rappelling from the top and then started bolting on top rope. We left a fixed rope and then finished a few months later, finding the rope covered by ice. The first pitch goes through five small roofs with steinpulls and underhooks possible, the crux though is to pass a blank slab from the last bolt and to the anchor. The second pitch starts out by doing a few moves on rock and then through an ice roof and out to sustained ice climb in the WI 5+/6 range.

A13) **Hard five** M8-WI6+, 70M
24/02/16: Albert Leichtfried, Benedikt Purner (bolted)
An astonishing line that reaches a ledge halfway which resembles a jellyfish, followed by a second overhanging icy part. Bolted and climbed in a day. The name of the route reflects the Icelandic grading tradition which is to grade every hard ice climb as WI5, continuing out to absurdity.

A14) **Ég heiti ekki Kiddi** WI5, 100M
31/01/08 Ívar F., Anthony Bonello, Haukur Elvar Hafsteinnsson
First line of a great day of this team that left 3 masterpieces for next generations.

B) Bolaklettur

Huge wall with some futuristic scottish style lines waiting to be climbed. Some rock climbing may be possible as well.



B1) **Gjöfin sem heldur áfram að gefa** WI4+/M5 130M
12/01/05: Ívar F. Finnbogason, Arnar Emilsson
First gem from Ívar F. Finnbogason in the crag. After running into a king of gully-dihedral, the last pitch is on a thin slab of ice that requires pro and sangfroid.

C1) **Ekki er allt sem sýnist** WI5, 80M
01/88: Guðmundur Helgi Christensen, Páll Sveinsson
Probably one of the first routes of the crag. From afar it looks like an extreme climb, maybe a WI6, but getting closer and climbing it feels slightly easier. The first ascenders rated it WI4, although we suspect a WI5 might be more appropriate.

C2) **Þjódmál** WI3, 150M
17/02/18: Bjartur Týr Ólafsson, Matteo Meucci
In the same gully as the previous one (C1), most likely has already been climbed but no one has ever logged or claimed the FA.

C3) **Unknown** WI4
Guðmundur Helgi C, Páll Sveinsson
Climbed several times but but lacks information. After the first wall, turn into an alpine style gully.

C4) **Skallagrímur** WI3+
27/01/89: Björn Baldursson, Stefán S. Smáráson
We don't know the exact location of this line. From the FA: The climb starts on a 30m ice shell, and from there follows up a moss covered cliff.

C5) **Dolli dropi** WI3 35M
Guðmundur Eyjólfsson, Haraldur Ólafsson, Þorsteinn Ívarsson, Stefán S. Smáráson og Ingimundur Stefánsson
We don't know the exact location of this line.

C) Brekkufjall

Spread lines across a long cliff.



Ljósmyndakeppni ÍSALP 2018

Ljósmyndakeppni Íslenska Alpklúbbsins var haldin enn eitt árið, og hafa íslenskir fjallaunnendur greinilega verið iðnir við að munda myndavélarnar 2018. Mikill fjöldi mynda barst úr öllum áttum, og úr nógu var að mæða. Í þetta sinn var sett saman dómnefnd fjögurra ljósmyndara og áhuga-ljósmyndara sem buðu sig fram, Aron Gauti Sigurðar, Guðmundur Jónsson, Vincenzo Mazza og Þorsteinn Cameron. Hart var barist um efstu sætin í hverjum flokki, og því margar myndanna sem deila verðlaunasætum. Sem betur fer var þó afgerandi sigurvegari í hverjum flokki, og þriðir sigurmynd Klifur-flokksins ársrit Alpklúbbsins að þessu sinni.



Fyrstu verðlaun í Mannlíf á fjöllum: Þorlákur Jón Ingólfsson.
Camilla Edwards horfir yfir heimabæ sinn Ísafjörð.



Mannlíf á fjöllum – þriðja til fjórða sæti: Julia Vallières-Pilon.
Éric Contant að njóta frídagsins á Sólheimajökli.



Mannlíf á fjöllum – þriðja til fjórða sæti: Arnar Halldórsson.
Tryggvi Unnsteinsson að dást af suðurhlíðum Dýjadalshnúka í Esjunni.



Skíði - fyrsta sæti: Björgvin Hilmarsson. *Andy Shell* skíðar niður í Hesteyrarfjörð, einn af Jökulfjörðunum, þar sem seglbáturinn *Arktika* liggur við akkeri.



Skíði - annað til þriðja sæti: Þorlákur Jón Ingólfsson. *Skíðað heim til Ísafjarðar.*



Skíði - annað til þriðja sæti: Bjartur Týr Ólafsson. Hópur skíðafólks á Hestskarðshnjúk.


Klifur – annað til fjórða sæti: Matteo Meucci. Þorsteinn Cameron, Jónas Grétar og Bjartur Týr að klifra Paradísarheimt.



Klifur – annað til fjórða sæti: Sigurður Ýmir Richter. Egill Örn Sigurpálsson að klifra uppúr fimmtu spönn í leiðinni Mosquitos í Riglos, Spáni.

Vatnajökull 2018

Vorið 2018 fór hópur frá Hjálparsveit Skáta í Garðabæ yfir Vatnajökul, frá vestri til suðurs: Jökulheimar-Grímsfjall-Breiðamerkurjökull. Samtals var ferðin u.þ.b. 100 km og 6 æðislegir dagar. Hópurinn samanstóð af Ágústi Þóri Gunnlaugssyni, Huldu Rós Helgadóttur, Eiríki Einarssyni, Hjördísi Björnsdóttur, Hirti „Tura“ Brynjólfssyni, og Sydney Gunnarson. Ferðin hófst þann 28. apríl og tók gangan tvo daga upp á Grímsfjall. Við sátum föst í Grímsfjallaskála í einn dag vegna veðurs, en héldum áfram 1. maí. Þaðan var u.þ.b. tveggja daga ganga að Breiðamerkurjökli og komum við svo niður á jökulsporð þann 3. maí. Hér eru nokkrar myndir úr ferðinni sem ég er búin að safna saman sem dagbók.



Laugardagur, 28. apríl

Hópurinn fékk skutl frá Hjálparsveit Skáta í Garðabæ upp í Jökulheima á föstudeginum og yfir Tungná á laugardagsmorgun. Við byrjuðum ferðina í ágætis veðri og hlýindum (stundum of hlýtt). Stefnan var tekin á Grímsfjall út vegna óveðurs í spánni seinni part sunnudags.



Hópurinn á laugardaginn (vinstri til hægri: Ágúst Þór Gunnlaugsson, Eiríkur Einarsson, Sydney Gunnarson, Hjörtur (Turi) Brynjólfsson, Hulda Rós Helgadóttir, Hjördís Björnsdóttir) Ljósmynd: ÁÞG.

Ferðaáætlun

Samtals u.þ.b. 100 km.

Byrjunardagur: laugardagur 28. apríl

Lokadagur: fimmtudagur 3. maí.

Við slepptum Esjufjöllum út af veðri sem átti að skella á fimmtudeginum eftir hádegi og kláruðum einum degi á undan áætlun.



Hjördís og Hulda að koma upp á Grímsfjall á sunnudeginum. Ljósmynd: ÁÞG.

Sunnudagur, 29. apríl.

Það var stundum erfitt að átta sig í þokunni og vindinum á sunnudeginum, en dagurinn var stuttur og notalegur. Við komum á Grímsfjall á undan veðrinu á sunnudaginn og vorum við mjög fegin að sjá skálann í gegnum þokuna.

Mánudagur, 30. apríl.

Stormur uppi á Grímsfjalli, og hópurinn var fastur í skálanum að hafa það kósý og fara í gufubað.



Sydney flaggar á mánudegi. Ljósmynd: ÁÞG.

Þriðjudagur, 1. maí.

Við vöknudum í sólskini á þriðjudeginum! Dagurinn var bjartur en kaldur, snjórinn var góður, og við vorum með útsýnið af Grímsfelli allan daginn.



Ljósmynd: EE.

Miðvikudagur, 2. maí.

Hópurinn vaknaði við fullt af nýföllnum snjó.



Hulda hlakkar til að byrja daginn. Ljósmynd: EE.



Eiríkur leiðir hópin í djúpum og þungum snjó. Ljósmynd: SRG 2018.

Miðvikudagur, 2. maí.

Mikil snjókoma aðfaranótt miðvikudags gerði aðstæður mjög erfiðar þann daginn, en var samt geggjað útsýni seinni partinn.

Miðvikudagur, 2. maí.

Langur, fallegur dagur. Eftir stutta matarpásu ákvað hópurinn að spýta duglega í og er kominn niður á undan áætlun út af vondu veðri á fimmtudagskvöldið. Við höldum áfram niður Breiðamerkurjökli til kl. 1 í nótt í fallegum ljósaskiptum. Hitastig féll niður í -16°C þegar við skíðuðum, og maður var alls ekki ofklæddur í stórrí dúnúlpu.



Ljósaskipti á Breiðamerkurjökli Ljósmynd: SRG.

Fimmtudagur, 3. maí.

Síðasti morgunninn. Meiri snjókoma um nóttina gerði hvítan og fallegan morgun á Breiðamerkurjökli.



Á leiðinni niður á fimmtudeginum *Ljósmynd: HRH.*

Fimmtudagur, 3. maí.

Ferðin endaði kl. 13:40, á undan áætlun út af vondu veðri á fimmtudagskvöldið. Við þökkum kærlega Ingibjörgu og Lilju Steinunni, landvörðum hjá Þjóðgarðinum, fyrir að koma að sækja okkur með kippu af kók í höndunum!



Ljósmynd: IE.




FYLGIR ÞÉR ALLA LEIÐ



ARC'TERYX



Klifur: Björgvin Hilmarsson. Óþekkti klifrarinn glímir við íströll á íslenskum jökli.



Klifur: Björgvin Hilmarsson. Óþekkti klifrarinn glímir við íströll á íslenskum jökli.

Texti: Bjartur Týr Ólafsson

Fjallaskíðaferð ÍSALP til Slóveníu í mars 2018

Íslenski hópurinn kom úr öllum áttum og þekktist mismikið fyrir. Baldur, Guðjón, Guðmundur Óli, Íris, Rúnar og Sólveig flugu frá Íslandi til Ljubljana en Bryndís og Erla komu akandi á húsbíl frá Frakklandi. Þegar við lentum í Slóveníu tók meistari Boris, tengiliður Slóvenska hópsins á móti okkur og brunaði með hópinn upp í fjöll þar sem við hittum restina af þátttakendum. Þá var ekki seinna vænna en að klæða sig í skíðagallann, skella skinnnum undir og bruna upp í þokuna í von um að finna skíðaskála. Uppgangur tók um 2 tíma og þegar upp var komið blasti við okkur fjallahöll. Þar beið okkar allur okkar búnaður sem hafði farið léttu leiðina með lítill lyftu sem liggur frá dalsbotni og upp í „skála“. Þrátt fyrir vænan húsa-kost fengu Íslendingarnir kjuherbergi í kjallara skálans þar sem sambúðin var nán og eyrnatapparnir áttu eftir að koma sér mjög vel. Strákarnir fengu að vera í neðri kju, stelpurartí í efri. Þröngt mega sáttrí sitja, það átti vel við.

Á hverjum degi var skipulögð dagskrá og eitthvað um að vera á kvöldin. Við fengum fyrirlestra frá reyndu björgunar- og fjallafólki um fjallabjörgunarkerfið í Slóveníu, snjóflóðafyrirlestur frá helsta sérfræðingi svæðisins, kynningu á þjálfunarkerfinu innan alpklúbbsins í Slóveníu, persónuleg verkefni og afrek leiðsögumans í hópnum ásamt því að hvert land hélt stutta kynningu á sínu landi, alpklúbbsnum og fjallamennsku heimavið. Slóvenski alpklúbbsurinn er gríðarsterkur og stendur að vel uppbyggðu kennslukerfi og á því marga færa leiðsögumenn. Hópnum var skipt upp



Seinasta kvöldið fengu allir fría boli. Ljósmynd: Bryndís E. Bjarnadóttir

og allir fengu sinn leiðsögumann sem var annað hvort langt á veg kominn með að klára IFMGA leiðsögumanninn eða hafði nú þegar lokið því.

Fyrstu þrjú dagana var blint og mikil snjó-koma svo ekki var hægt að stefna í nein stórræði. Daginn eftir komu var farið í stutt sárabótaskinn en svo var brugðið á það ráð að halda snjóflóðakynningu þar sem hóparnir grófu holur og rýndu í snjóalög það sem eftir lifði dags.

Þriðja daginn var skipt í hópna en við stelpurnar og Guðjón vorum saman í hóp ásamt tveimur Slóvenum og leiðsögumanninum Luca. Aftur var blint og engin fjöll sjáanleg en þá var skellt í góða ýla-leitaræfingu og stuttan túr á ná-

lægum topp. Kvöldin fóru auðvitað ekki til spillis en dagskráin var ansi þétt og eftir góðan fyrirlestur höfðu Slóvenarnir ekkert á móti því að hella smá í sig eftir erfiðri dagsins enda bjórinn ekki dýr og nóg til af snafsi. Íslendingarnir voru í heldur afslappaðri kantinum en áttu þó einhverja fulltrúa í þessum samkomum. Við nefnum engin nöfn en það voru einhverjir sem dónsuðu stundum fram á rauða nótt í þurrkherberginu.

Fjórða daginn sást loks til sólar! Og til fjalla með. Maður var hætstur að trúa því að þarna í kring væri eitthvað annað en hólur og hæðir eftir þriggja daga þoku en þarna voru þau svo sannarlega tignarleg á að líta. Þennan dag fórum við í leiðangur vestur eftir en við komumst fljótt að því

í mars síðastliðnum fór níu manna hópur frá ÍSALP í fjallaskíðaferð til Slóveníu á vegum Alpklúbbsins Matica frá Slóveníu ásamt fulltrúum frá Alpklúbbsi Ungverjalands. Þetta samstarf var styrkt af Erasmus.

að skálinn stendur í jaðrinum á hólóttu landslagi sem teygir sig langt áður en komist er í bratt fjallendi. Hellamyndanir í kalksteinsbergi svæðisins mynda þetta landslag en þarna er mikið og frægt hellasvæði sem er vinsælt á sumrin. Það gerist því af og til að skíðafólk steypist ofan í kalksteinsHELLA á fleygiferð. Þarna var best að passa sig. Þennan dag fengum við loksins almennilegt púður og útsýnið af toppnum yfir Triglav, hæsta fjall Slóveníu og þjóðgarðinn í kring var alls ekki amalegt. Maður biður ekki um meira. Eftir langan dag úti að leika er síðan ekkert betra en að koma beint inn í skála í heita baunasúpu. Þeim finnst gaman að framreiða baunasúpur, hverja á fætur annarri. Hver elskar ekki baunasúpur 5 daga í röð? Hún hélt okkur gangandi í fimm frábæra skíðadaga svo ekki var hægt að kvarta.

Í það heila var virkilega vel að öllu staðið af hálfu slóvensku skipuleggjendanna. Leiðsögumennirnir voru miklir fagmenn og heimafélkið hjálplegt og vinalegt. Það var áhugavert og gaman að kynna fjallameningunni í Slóveníu sem er auðvitað örlítið öðruvísi en á Íslandi. Við skemmtum okkur eins og Íslendingum einum er lagið og náðum aldeilis að kynda undir spenninginn fyrir Íslandsferð næsta vor.

Takk enn og aftur ÍSALP, sjáumst á skíðum í vetur!



Horft niður lyftuspor kláfsins sem ber farangur og mat upp í skálann. Ljósmynd: Sólveig V. Sveinbjörnsdóttir



Fínasta „skintrack“. Ljósmynd: Bryndís E. Bjarnadóttir



Lesið í snjóalög. Ljósmynd: Bryndís E. Bjarnadóttir

Rúnar þeysist áfram í lausamjöll. Ljósmynd: Íris Ragnarsdóttir Pedersen



Smári og Erla á uppleið. Ljósmynd:Íris Ragnarsdóttir Pedersen



Fólk að gera sig ferðbúð fyrir daginn. Ljósmynd: Bryndís E. Bjarnadóttir

Texti: Védís Ólafsdóttir
Grein unnin í samstarfi við Snævarr
Guðmundsson og Jón Geirsson.

Kristinn Rúnarsson & Þorsteinn Guðjónsson

— í minningu vina —



Í október árið 1988 var stórt skarð höggvið í Íslenska Alpaklúbbinn (Ísalp) þegar Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson hurfu sporlaust við klifur á vesturhlið fjallsins Pumori í Nepal. Þrjátíu árum síðar gekk bandarískur fjallgöngumaður fram á líkamsleifar þeirra á jöklinum fyrir neðan ætlaða klifurleið þeirra. Við fundinn lauk 30 ára óvissu um afdrif félaganna.

Mynd á vinstri síðu: Myndatexta vantar.
Ljósmynd: Stephen Aisthorpe.

Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson voru fæddir árið 1961. Þeir voru æskuvinir, frá því að þeir voru guttar í Laugarnesskóla, og mjög samrýndir. Þeim var líkt við bræður, vinátta þeirra var einstök og einkenndist af gagnkvæmri virðingu og væntumþykju. Þeir hrifust ungir af fjöllum en sóttu sér þó ekki þekkingu á fjallamennsku í björgunarsveitirnar eða námskeið Alpaklúbbsins, eins og tíðkaðist á níunda áratugnum. Kristinn og Þorsteinn kynntust fjöllum á eigin forsendum. Sem unglingar fóru þeir í lopapeysum, gúmmistígvéllum eða vinnuskóm með þvottasnúru á milli sín til að þreyja frumraunir í fjallamennsku á Esjunni.¹

Þrátt fyrir að vera sjálfærðir í fjallamennsku náðu Kristinn og Þorsteinn fljótt tókum á öllum gerðum klifurs. Þeir réðust ekki á garðinn þar sem hann var lægstur og í fyrstu tveimur Alpaferðum sínum árin 1980 og 1982 klifruðu þeir meðal annars Piz Roseg (3937 m) og Piz Scerscen (3971 m) í Bernina-Ölpunum. Það voru með erfiðari Alpaleiðum sem Íslendingar höfðu farið á þessum tíma.

Árið 1982 gengu Þorsteinn og Kristinn í Íslenska Alpaklúbbinn. Þeir komust fljótt til meta enda afar duglegir og góð stemning skapaðist í kringum þá. Þeir létu fljótlega til sín taka í fjallaferðum hérlendis og erlendis, í félagsstarfi og útgáfu ársritsins.² Jón Geirsson, sem var öflugur klifrari og félagi Ísalp á þessum tíma, lýsir komu þeirra í Alpaklúbbinn sem ferskum andblæ, þar sem þeir voru fullir orku og ekki eins akademískir og margir aðrir. Þeir voru hugfangnir af fjöllum, lausir við allan rembing, hógværir og þeim fylgdi mikil gleði. Þorsteinn var einlægur, gerði óspart grín að sjálfum sér og brosið og hláturinn heillaði alla sem hann hitti. Hann náði markmiðum sínum á fjöllum með léttu lundafari og fyndni sem hjálpaði til að eyða spennunni sem er oft fylgifsukur í erfiðum klifurleiðum. Kristinn var hægari en Þorsteinn en ákaflega hreinn og beinn og átti auðvelt með að komast að kjarna málsins ef leysa þurfti vanda. Í kringum hann var aldrei lognmolla og krafturinn geislaði af honum.³



Myndatexta vantar. Ljósmynd: Stephen Aisthorpe.

Félagarnir áttu það til að stríða hvor öðrum. Þorsteinn var þekktur fyrir að taka sjaldan upp úr pokanum sínum á milli ferða og dró oftast en einu sinni margra vikna gamalt epli úr poka sínum. Eitt sinn, áður en þeir félagarnir gengu upp á Heklu, laumaði Kristinn bíltjakki í poka Þorsteins. Á leiðinni kvartaði Þorsteinn undan þungum pokanum en það var ekki fyrir en á toppnum að hann tók loks eftir tjakkinum. Þá var það einu sinni sem að Kristinn fór með Þorsteini og Snævarri Guðmundssyni í Skarðsheiði á gömlum Subaru-bíl sem Kristinn átti. Félagarnir óku gamla Skarðsheiðarveg og Þorsteinn og Snævarr þurftu oft að fara út úr bílnum og týna frá steina af veginum sem hindruðu för. Undir Heiðarhorni var nokkuð breiður lækur sem Kristinn vildi endilega að þeir könnuðu áður en hann æki yfir. Þegar Snævarr og Þorsteinn voru komnir út úr bílnum, ók Kristinn rakleiðis yfir lækinn svo það var ekki umflúið fyrir hina tvo að vaða yfir.

Á þessum árum ferðuðust félagar í Ísalp, þar meðtaldir Jón, Snævarr, Þorsteinn og Kristinn, reglulega í Alpna þar sem þeir fóru margar krefjandi klifurleiðir. Að frátöldum klifurá-huganum er kærleikur Þorsteins og Kristins fyrir fjöllum mörugum minnisstæður. Að njóta náttúrunnar og umhverfisins var þeim

ekki síður mikilvægt en kappsemin. Jón minnst tveggja ferða með Kristni og Þorsteini í Ölpunum. „Þegar maður var með þeim í Ölpunum þá kynntist maður nýrri hlið á hlutunum, að taka dálítinn tíma í að horfa kringum sig og vera ekki alltaf að spenna sig í erfiðustu leiðirnar heldur líka að njóta þess að vera til,“ segir Jón. Jón og Kristinn fóru upp Brenva hrygginn á Mont Blanc og voru eldsnökkir. Þeir voru komnir rétt undir tindinn á 3,5 tímum en þar sá Kristinn ísvegg sem hann vildi endilega klifra. „Við vorum í 4700 metrum, rétt undir tind Mont Blanc, en það var eins og við værum komnir á einhverja ísklifuræfingu í Gigjökli,“ segir Jón. Þeir Kristinn eyddu þá nokkrum klukkutímum í að klifra og lá ekkert á, þeir höfðu nægan tíma. Tveimur árum seinna var Jón svo á svipuðum stað með Þorsteini sem settist og sagði að nú skyldu þeir horfa og njóta alls þess sem þeir höfðu ekki gefið sér tíma til þann daginn.

Sumrin 1980-1986 voru félagar úr Ísalp iðnir í frönsku Ölpunum. Í Chamonix, undir Mont Blanc, var mikið af Bretum sem voru öflugir í fjallamennsku. Íslensku klifrarnir smituðust af þessum krafti og fóru brátt að skipuleggja stóra leiðangra, á fjarlægari slóðum en áður.



Myndatexta vantar.

Ljósmynd: Stephen Aisthorpe.

Árið 1984 fór Þorsteinn í leiðangur á Aconcagua⁴ (6961 m) í Argentínu og ári síðar (1985) fór hann ásamt Kristni, Jóni, Torfa Hjaltasyni og Önnu Láru Friðriksdóttir til Cordillera Blanca í Perú þar sem þau klifruðu tindana Nevado Urus (5495 m), Nevado Kitaraju (6040 m), Nevado Alpamayo (5947 m) og Huascarán (6768 m).⁵ Hópurinn skrifaði reglulega pistla um ferð sína í *Morgunblaðið* og héldu einnig myndasýningar þegar heim kom. Árið 1987 tók sami hópur sig til, auk nokkurra annarra, og lagði í leiðangur til Nepal með það að markmiði að ganga á fjallið Gangapurna (7455 m). Leiðangurinn reyndist krefjandi vegna mikilla snjóa og hópurinn þurfti frá að hverfa. Haustið 1987 fór Þorsteinn með breskum hópi á Ama Dablam (6812 m), einnig í Nepal.

Snéru ekki aftur 1988

Hluta hópsins, sem hélt heim án þess að hafa gengið á Gangapurna, langaði aftur til Nepal. Í leiðangri Þorsteins á Ama Dablam haustið 1987 fæddist sú hugmynd að klífa tvo tindana í Khumbu dalnum, óklifinn hrygg á Tawoche

(6542 m) og Pumori (7161 m). Þorsteinn, Kristinn og Jón auk Bretanna Stephen Aisthorpe og Bill O'Connors mæltu sér mót í Katmandu upp úr miðjum september 1988. Þangað átti hver og einn að mæta með 2500 dali. Ætlunin var að verja um sex vikum í leiðangurinn. Þorsteinn þekkti Stephen úr leiðangrinum á Ama Dablam en hann hafði klifrað mikið í Ölpunum og meðal annars klifrað norðurvegg Eigers með Alison Hargreaves (1962-1995).⁶ Allir Íslendingarnir könnuðust við Bill O'Connors frá Chamonix en hann var leiðsögumaður og nokkuð eldri en hinir.

Þegar Íslendingarnir mættu til Kathmandu klóruðu þeir sér í hausnum yfir því hvar þeir ættu að hitta Bretana en hvorki tími né staður ákveðinn nákvæmlega. Fyrir einskæra tilviljun sá Stephen Íslendingana þegar hann opnaði gluggann á hótelinu sínu í Kathmandu og sá þá borða morgunmat á hótelinu hinum megin við götuna. Það bólaði hins vegar ekkert á O'Connors og hann var því afskrifaður í ferðina. Þar sem að hópurinn skipaði aðeins fjóra var fyrirséð að þeir hefðu ekki nægan pening fyrir kostnaði ferðarinnar. Ekki hjálpaði heldur til að Stephen kom með minna en 2500 dollara en fullt af mat í staðinn, til dæmis ógrynni af súkkulaði. Hópurinn vildi ekki blása leiðangurinn af og íslensku félagarnir höfðu því samband við Íslenska Alpklúbbinn sem sló saman í lán og sendi peninga út. Þá var þó ljóst að hvorki fé né tími nægði til að klífa bæði Tawache og Pumori og því var Tawache slegið út af borðinu. Kristinn, Jón og Stephen héldu af stað til Pumori 24. september en Þorsteinn varð eftir í Kathmandu til að taka á móti peningunum.

Þremmenningarnir komu að rötum Pumori 2. október og ætlaðu að klífa sígilda leið upp suðaustur hrygg Pumori. Þar hittu þeir hins vegar ástralskan hóp sem var búinn að setja upp línur í hluta af leiðinni og virtist ekki hrifinn af því að Íslendingarnir bættust í hópinn, sem fyrir taldi um átta manns. Þorsteinn var enn í Kathmandu og Stephen ekki fullfrískur eftir gönguna að fjallinu svo Jón og Kristinn könnuðu hvert þeir skyldu halda. Þeir veltu fyrir sér hvort þeir ættu að kanna ísgil á Lobuche, sem var hinum megin í dalnum, en þá þyrftu þeir að hafa leyfi og þeir áttu hvorki


pening né tíma til að útvega sér það. Kristinn og Jón ákváðu því að kanna aðstæður vestar á Pumori en þeir vissu að Skotarnir Sandy Allan og Rick Allen, sem höfðu klifrað nýja leið á Pumori tveimur árum fyrr, höfðu komið þar niður. Þeir vissu þó ekki til þess að leiðin hefði verið klifin áður.

Jón, Kristinn og Stephen reistu grunnbúðir í rúmlega 5000 metra hæð vestan megin við Kala Patthar, rétt austan við skriðjökulinn suðvestur frá Pumori. Stephen var enn slappur með magakveisu svo Jón og Kristinn tóku að undirbúa klifrið. Þeir skoðuðu mögulegar leiðir á suðvesturvegg fjallsins á daginn og hlupu upp á Kala Patthar á kvöldin. Jón og Kristinn sáu fyrir sér leið upp snarbratta snjó-/ísbrekku vestan megin upp á suðvestur hrygginn og festu þar undir línur yfir jaðarsprunguna milli skriðjökulsins og veggisins. Þar reistu þeir aðrar tjaldbúðir, í um 5700 metra hæð. Þeir töldu að erfiðasti hlutinn yrði ísbrekkana áleiðis á hrygginn. Brekkan var svo brött að næstu búðir yrðu ekki fyrr en 1000 metrum ofar. Þaðan töldu þeir leiðina nokkuð greiða á toppinn og þeim þótt því ekki ástæða til að reisa fleiri búðir á leiðinni. Áætlunin var að félagarnir myndu hvíla sig fyrir ofan ísbrekkuna, bræða snjó/ís í drykkjarvatn og ganga síðan á toppinn.⁷



Myndatexta vantar.

Ljósmynd: Stephen Aisthorpe.



Pumori er 7161 m hátt og liggur á landamærum Nepals og Tíbet. Pumori er nokkra kílómetra vestur af Everest og grunnbúðir Everest liggja í Khumbu dalnum á milli fjallanna tveggja. Pumori merkir „dóttir fjallanna“ á tungumáli heimamanna. Þýsk-svissneskur hópur var sá fyrsti til að klífa fjallið undir leiðslu Þjóðverjans Gerhard Lenser árið 1962. Hópurinn kleif fjallið úr suðaustri sem er algengasta leiðin. Fimm Íslendingar hafa reynt að komast á topp fjallsins, Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson 1988, Ari Gunnarsson 1991, Anna Svavarsdóttir 2001 og Ívar Finnbogason 2005. Þorsteinn, Kristinn og Ari létust allir á fjallinu en Anna og Ívar þurftu frá að hverfa vegna slæmra aðstæðna.

Við undirbúninginn klifruðu Jón og Kristinn frá öðrum tjaldbúðunum 500-600 metra upp á lítinn tind eða skarð sem var upphafið af suðvesturhryggnum. Færið var vont og þeir þurftu að fara niður á öðrum stað en þá datt Jón í gegnum sprungu, skall í ísvegginn og meiddi sig í rifbeininum. Þeir komust þó klakklaust niður í aðalbúðir en Jón var mjög aumur, kominn með hósta og var farinn að skyrpa blóði. Hann fór því niður í næsta þorp til læknis sem ráðlagði honum að fara niður en Jón snéri aftur í búðirnar til Stephen og Kristins. Loksins kom Þorsteinn gangandi (eða hlaupandi) eftir að hafa beðið eftir peningunum í Kathmandu. Hann hafði tekið ranga beygju upp dalinn og gengið dagleið í vitlausu átt.

Stephen skánaði eitthvað og hjálpaði Kristni og Þorsteini að setja upp línur við upphaf

leiðarinnar en versnaði svo aftur og treysti sér ekki til að klífa með þeim. Þann 14. október, fjórum dögum eftir að Jóni var ráðlagt að fara niður af fjallinu, fylgdu Kristinn og Þorsteinn Jóni niður eina dagleið. Þeir gátu þá hvílt sig og komist frá fjallinu áður en þeir reyndu við síðasta áfangann. Það tók Jón átta daga að komast til byggða þaðan sem hann flaug til Parísar og lagðist inn á spítala.⁸

Þann 17. október héldu Þorsteinn og Kristinn af stað úr grunnbúðunum í köldu og björtu veðri. Dagana á undan var veðrið búið að vera gott og þeir höfðu ekki orðið varir við snjóflóð eða mikið grjóthrun. Þeir áætluðu þrjá daga í klifrið en voru ekki með tjöld, bara svefnpoka og dúnlúpur. Þeir gengu í aðrar búðirnar sem þeir höfðu sett fyrir ofan skriðjökulinn. Áætlunin var svo að halda af stað

næsta morgun, 18. október, upp bröttu snjóbrekkuna. Klukkan tvö eftir hádegi sá Stephen til Þorsteins og Kristins frá grunnbúðunum í gegnum sjónauka. Þá voru þeir í um 6600-6700 metra hæð, bundnir saman og komnir yfir erfiðasta klifrið. Ferðin virtist sækjast vel. Síðan fóru þeir í hvarf og eftir það hefur ekkert sést til þeirra.⁹

Stephen fór að gruna daginn eftir að ekki væri allt með felldu og sendi eftir hjálp til byggða. Það tók fjóra daga að útvega þyriluadstöð en á meðan leitaði Stephen að Kristni og Þorsteini. 22. október kom þyrilan og leitaði úr lofti en án árangurs. Haft var eftir Kristni og Þorsteini að ef eitthvað kæmi upp á, þá ætti fjallið þá. Þeir vildu ekki að fólk yrði sett í hættu til að bjarga þeim. Fjallið ætti það sem fjallið tæki.¹⁰ Veður var farið að versna og leit var hætt.¹¹



Áætluð leið Kristins og Þorsteins upp Pumori árið 1988.
Ljósmynd: Stephen Aisthorpe.

Um mánuði eftir leiðangurinn fréttist af því að Íslendingur hitti Ástrala í flugvél, Ástrala sem sagðist nýverið hafa hitt frábæra Íslendinga í Nepal. Íslendingurinn áttaði sig á því að um væri að ræða leiðangur Kristins og Þorsteins á Pumori og færði Ástralannum fréttirnar um að þeir hefðu ekki átt afturkvæmt. Ástralinn sagðist hafa séð til þeirra á fjallinu en að þeir hefðu horfið honum sjónum þegar stutt var eftir á toppinn.¹² Þessar upplýsingar gáfu til kynna að strákarnir hefðu horfið á bakleiðinni, mögulega hrapað eða fallið ofan í sprungu. Kristinn og Þorsteinn voru 27 ára og létu báðir eftir sig kærustur. Hildur, kærasta Kristins til margra ára, bar barn Kristins undir belti þegar hann fór. Þegar snáðinn fæddist var honum gefið nafnið Kristinn Steinar Kristinsson og er því nefndur eftir þeim báðum.

Skarð höggvið

Fráfall Kristins og Þorsteins var mikið áfall og þá sérstaklega ættingjum og íslensku fjalla-

fólki. Jón Geirsson minntist þeirra í viðtali við DV vorið 2018: „Þetta var heilmikið áfall. Þeir voru svo duglegir, drífandi og metnaðarfullir bæði í leiðöngum og í starfi Alpafélagsins. Í félaginu var mjög náinn og samhentur hópur á þessum tíma og þetta hafði lamandi áhrif.“¹³ Guðmundur Pétursson, sem leiddi leiðangurinn til Gangapurna, minntist Kristins og Þorsteins sem féлага í fremstu röð íslenskra fjallamanna: „Brautryðjendur á mörgum erfiðustu klifurleiðum héraendis í klettum og ís.“ Hann sagði jafnframt að nöfn þeirra myndu ávallt vera „tengd hinum miklu framförum í íslenskri fjallamennsku.“¹⁴

Auk þess að láta til sín taka í fjallamennsku voru Kristinn og Þorsteinn öflugir í ritstörfum Ísalp. Báðir lögðu mark sitt á Alpklúbbsblaðið og sem síðar varð ársrit Ísalp. Þeir sátu í ritstjórnarstöðum, þróðu leiðarvísa, gerðu grín af tiskustraumum kontinentallínunnar og tóku viðtöl við kempur svo sem Doug Scott og Chris Bonington. Ársritið 1989 var tileinkað

þeim og þar segir: „Í ritnefndinni er skarð fyrir skildi og því hefur blaðinu seinkað svo. Við fráfall þeirra Kristins Rúnarssonar og Þorsteins Guðjónssonar varð eftir höfuðlaus her.“¹⁵ Á þessum tíma vann Kristinn ársritin að miklu leyti og fjórmenningarnir, sem eftir sátu í ritnefnd, áttu fullt í fangi með að fylla í skarð hans. Kristni hefur verið þakkað fyrir að setja ársritið í þá mynd sem það er enn í dag. Ósérhlífni þeirra var mikil og vinna fyrir klúbbinn ómetanleg.

Árið 1999, rúmum tíu árum eftir fráfall Kristins og Þorsteins, fjallaði Hallgrímur Magnússon um fjallaferðir Íslendinga á öldinni í *Morgunblaðinu*. Þar sagði Hallgrímur að svíplegt fráfall þeirra Þorsteins og Kristins hafi haft mikil áhrif á íslenska fjallamenn. Þar voru á ferðinni „framsæknu menn með metnað sem átti sér ekki hliðstæðu.“ Hann sagði jafnframt að þeir hafi tilheyrt hópi sem stóð í framvarðasveit fjallamennsku, reynslumiklum hópi sem dró sig að mestu leyti í hlé eftir fráfall þeirra.¹⁶



Myndatexta vantar.
Ljósmynd: Stephen Aisthorpe.

Fundnir eftir 30 ár óvissu

Í október 2018 átti bandarískur fjallgöngumaður leið yfir skriðjökulinn suðvestur af Pumori. Þar gekk hann fram á líkamsleifar tveggja fjallgöngumanna. Hann sá strax að nokkuð var liðið frá dauða þeirra og leitaði að vísbendingum um hverjir þeir væru. Það eina sem hann fann var bréf utan af súkkulaði í vasa á Berghaus stakki. Á bréfinu var dagsetning með ártalinu 1988. Hann hafði samband við ástralskan féлага sinn sem kannaði hvaða leiðangrar höfðu verið á ferð á þessum tíma og staðfesti nöfnin. Bandaríkjamadurinn sendi svo facebook skilaboð á bandarískan féлага sinn sem hafði verið virkur í háfjallaklifr á níunda áratuginum og bað hann um að tilkynna ættingjum um fundinn. Fjallgöngumaðurinn hélt ferð sinni svo áfram. Bandaríski facebookvinurinn þekkti ekki til nafnanna en úr því að þeir væru í Berghaus fatnaði þá hlytu þetta að vera Bretar. Hann sendi því póst á breskt fyrirtæki sem hann vissi að hafði verið í eigu Himalajaklifrara (sem hann hafði hitt einu

sinni á strönd á Balí) og skilaboðin komust til tilætlaðs manns. Sá maður þekkir ágætlega til Íslands og sá að nöfnin væru íslensk. Tveimur dögum síðar átti maðurinn fund með Elínu Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra söludeilar Íslenskra fjallaleiðsögumanna og féлага í Ísalp, á vinnufundi í Bretlandi. Hann bar Elínu fréttirnar að líkamsleifar tveggja Íslendinga hefðu fundist á Pumori. Hún áttaði sig strax á því hverjir þetta væru og tók að sér að flytja fregnirnar til Íslands og til aðstandanda Kristins og Þorsteins.

Fréttirnar bárust óformlega til Íslands án þess að lögreglu né utanríkisráðuneytinu væru kunnugt um málið. Það reyndist erfitt að fá fréttirnar staðfestar en þó tókst að fá nákvæma staðsetningu á fundinum. Leifur Örn Svavarsson sem var þá ný kominn heim frá Nepal eftir að hafa gengið með fólk í grunnbúðir Everest bauðst til að fara út og kanna málið. Leifur þekkti til Kristins og Þorsteins úr starfi Alpklúbbsins og hafði klifrað með Jóni Geirssyni



Grunnbúðir leiðangursins 1988.
Ljósmynd: Stephen Aisthorpe.

í Frakklandi. Kristinn Steinar, sonur Kristins og Hildar og Jón Geirsson sammæltust um að hittast í Kathmandu nokkrum dögum síðar. Fram að því hafði Jón ekki hitt Kristinn Steinar nema sem ungabarn í kerru.

Við komuna til Kathmandu hélt Leifur til Pumori. Leifur gekk á fjórum dögum til Gorak Shep við grunnbúðir Everest í 5180 m hæð. Með í för var sherpinn Ang Tshering, sem hafði unnið á Íslandi tvö sumur auk Lakpa Norbu Sherpa og Migma Sherpa. Leifur hafði staðsett líkamsleifarnar nokkuð nákvæmlega á jöklinum sunnan Pumori út frá upplýsingum frá Bandaríkjamanninum og gekk rակleidis þangað frá Gorak Shep á 2-3 tímum. Jökullinn var grófur og því erfitt að fá þyrlu þangað til lendingar. Því safnaði hópurinn saman líkamsleifunum og búnaði sem var að hluta til frosinn fastur í ísinn áður en þeir báru hann niður í Gorak Shep. Þaðan var búnaðurinn og líkamsleifarnar fluttar niður af fjallinu með þyrlu áleiðis til Kathmandu. Í Kathmandu hitti ►



Þyrfa kemur undir hliðar Pumori að sækja líkamsleifannar og útbúnað. *Ljósmynd: Leifur Hversson?*



Lögreglufirvöld kvitta fyrir að flutningur líkamsleifana sé leifður. *Ljósmynd: Örn Svavarsson.*

Leifur Jón og Kristinn Steinar svo og Hildi, fyrrum kærustu Kristins og mómmu Kristins Steinars, Önnu, fyrrum kærustu Þorsteins, og Þorstein son Önnu.

Búnaðurinn sem var safnað á jöklinum við Pumori samanstóð af fatnaði, broddum, bakpokum, skóm, beltum og línu. Jón þekkti allan útbúnaðinn og var í engum vafa um að þetta væri búnaður Kristins og Þorsteins. Jón mundi að þeir höfðu merkt dótið sitt á sama hátt, sérstaklega bakpokana, en það reyndist erfitt að finna merkin. Það var ekki fyrr en þeir voru við það að gefast upp að Kristinn Steinar fann, með því að nudda og hreinsa hluta af bakpokanum, nafn pabba síns „Kristinn Rúnarsson.“ Jón segir að þrátt fyrir að þeir væru 100% vissir að þetta væru Þorsteinn og Kristinn, þá hafi verið gott að greina nafnið á pokanum.

Miðað við útbúnaðinn voru Þorsteinn og Kristinn bundnir saman í línu. Jón segir að menn töldu sennilegt að eitthvað hafi komið uppá við sig, enda um mörg sig með lélegum festingum. En þar sem þeir voru bundnir saman er mögulegt að þeir hafi verið að koma af tindinum og kannski hrapað fyrir ofan klettavegginn. Jón segist vera létt að þeir hafi fundist saman og að hann hafi tekið línuna heim til minninga: „Þeir voru saman frá upphafi til enda“.

Í Kathmandu tók við marga daga verkefni við að ganga frá handskrifuðum skýrslum og öðrum pappírnum hjá lögreglu, spítölum og

stofnunum. Jón segir að það hafa verið mikilvægt fyrir hópinn að fá þessa daga saman í Kathmandu. Hópurinn þekktist lítið en tengdist þó sterkum böndum. Það var einstakt fyrir Jón að hitta fullorðna Kristinn Steinar og Þorstein sem minntu hann á nafna sína. Kristinn Steinar sýndi dugnað sinn og elju með því að fara fyrir hópnum í alla pappírsvinnuna og hógværd Þorsteins var kunnuleg þar sem Jón þurfti að draga upp úr Þorsteini hversu víða hann hafði gengið og klifrað.

Nepalarnir voru hópnum hjálpsamir en þegar það fór að spyrjast út í Kathmandu að þau væru að taka á móti vinum sínum og fjölskyldu sem fjöllin hefðu geymt í 30 ár, fann hópurinn fyrir mikilli væntumþykju og stuðningi. Jón segir að þau hafa verið fegin að geta lokið sögu Þorsteins og Kristins í Kathmandu en það þurfti ekki að gera DNA greiningu þar sem önnur gögn þóttu nægileg stafesting á því hverjir þetta voru. „Ég hef tapað öðrum félögum í fjallaklifri í Frakklandi en kannski af því að strákarnir fundust aldrei, þá var ég alltaf að leita af þeim. Þetta hafa verið draugar í mínu lífi. Þetta hafði alveg rosa áhrif á mig,“ segir Jón. Hann segir það hafa verið mikilvægt, og að hópnum hafi þótt vænt um, að hafa fengið tækifæri til að vera öll saman við bálfor Kristins og Þorsteins í Kathmandu.

Endapunktur var náð þótt enn sé spurningum ósvarað. Ekki er vitað hvað varð til þess að félagarnir og æskuvinirnir Þorsteinn og Kristinn

létust á Pumori í október 1988. Það vakti furðu Jóns, og þeirra sem skoðuðu búnað félaganna í Kathmandu, að þau fundu einn stakan brodda ofan í bakpoka. Spurningar vöknudu, af hverju var hann þar en ekki á skónum? Slasaðist annar þeirra á fæti svo þeir tóku broddann af? Það er ólíklegt að þeir tækju með sér auka brodda upp á Pumori þegar allt átti að vera sem léttast, en það er reyndar aldrei að vita þar Þorsteinn átti það til að taka ekki upp úr pokanum sínum svo dögum skiptir og stakur broddi vegur ekki mikið í samanburði við bíltjakk.



Myndatexta vantar. Ljósmynd: Þorsteinn Cameron

Þakkir til Elínar Sigurðardóttur, Leifs Arnar Svavarssonar, Stephen Aisthorpe og Þorsteins Cameron. Yfirlstur: Halla Ólafsdóttir.

¹ Björn Vilhjálmsson, Snævarr Guðmundsson og Salbjörg Óskarsdóttir. 1988. Minning: Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson. *Morgunblaðið*, 26. Nóvember. Bls. 48.

Sjá: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=122190&pageld=1693534&lang=is&q=Kristinn%20R%FAnarsson

² Magnús Tumi Guðmundsson. 1989. Minning: Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson. *Ársrit Íslenska Alpklúbbsins*, bls. 9-10. Sjá: <http://www.isalp.is/wp-content/uploads/2015/08/ISALP1989.pdf>

³ Magnús Tumi Guðmundsson. 1989. Minning: Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson. *Ársrit Íslenska Alpklúbbsins*, bls. 9-10. Sjá: <http://www.isalp.is/wp-content/uploads/2015/08/ISALP1989.pdf>

⁴ Fjórir Félagar úr Íslenska Alpklúbbum: Hyggjast leggja hæsta fjall Vesturálfu að fótum sér. 1983. *Morgunblaðið*, 3. Nóvember. Bls. 14. Sjá: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=119396&pageld=1583323&lang=is&q=%DEorsteinn%20Gu%F0j%F3nsson

⁵ Torfi Hjaltason. 1985. Fimm í Perú. *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. Nóvember. Bls. 8. Sjá: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=242243&pageld=3304606&lang=is&q=Kristinn%20R%FAnarsson%20%DEorsteinn%20Gu%F0j%F3nsson%20og

⁶ Alison Hargreaves var önnur í heiminum til að klifra ein upp Everest án súrefnis 1995. Hún lést á K2 stuttu seinna.

⁷ Það hafði enginn farið upp þessa ísbrekku áður. 1988. *Dagblaðið Vísir*, 27. Október. Bls. 36.

Sjá: https://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=191973

⁸ Það hafði enginn farið upp þessa ísbrekku áður. 1988. *Dagblaðið Vísir*, 27. Október. Bls. 36.

Sjá: https://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=191973

⁹ Tveir íslenskir fjallgöngumenn týndir í Himalaya. 1988. *Morgunblaðið*, 25. Október. Bls. 64.

Sjá: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=122122&pageld=1691434&lang=is&q=Kristinn%20R%FAnarsson

¹⁰ „Fjallið á það sem fjallið tekur“. 2018. 12. nóvember.

Sjá: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/11/12/fjallid_a_thad_sem_fjallid_tekur/

¹¹ Tveir íslenskir fjallgöngumenn týndir í Himalaya. 1988. *Morgunblaðið*, 25. Október. Bls. 64

Sjá: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=122122&pageld=1691434&lang=is&q=Kristinn%20R%FAnarsson

¹² „Fjallið á það sem fjallið tekur“. 2018. *Morgunblaðið*, 12. nóvember.

Sjá: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/11/12/fjallid_a_thad_sem_fjallid_tekur/

¹³ Jón Geirsson í Kristinn H. Gunnarsson. 2018. Tveir íslenskir fjallgöngumenn týndust í Himalaja: „Góðir strákar og frábærir félagar“ *DV*.

Sjá: <http://www.dv.is/frettir/skrytid/2018/04/15/tveir-fjallgongumenn-tyndust-himalaya-godir-strakar-og-frabaerir-felagar/>

¹⁴ Guðmundur Pétursson. 1988. Minning: Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson. *Morgunblaðið*, 26. Nóvember. Bls. 48

Sjá: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=122190&pageld=1693534&lang=is&q=Kristinn%20R%FAnarsson

¹⁵ Frá ritnefnd. 1989. *Ársrit Íslenska Alpklúbbsins*. Bls.3. Sjá: <http://www.isalp.is/wp-content/uploads/2015/08/ISALP1989.pdf>

¹⁶ Hallgrímur Magnússon. Út vil ek. 1999. *Morgunblaðið, Slysavarnarfélagið Landsbjörg*, 1. Október. Bls. 26.

Sjá: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=132149&pageld=1947016&lang=is&q=Kristinn%20R%FAnarsson

Texti: Védís Ólafsdóttir

Wadi Rum



Horft út um Auga Allah. Ljósmynd: Védís Ólafsdóttir

Sumarið 2016 flutti ég með stuttum fyrirvara til konungsríkisins Jórdaníu. Við tók krefjandi og ógleymanlegur tími í landi sem ég vissi lítið sem ekkert um. Ég þekkti til *Wadi Rum* þar sem tveir félagar mínir höfðu ferðast þangað gagngert til að klifra. Þeir sögðu markmið klifursins einkennast af því að haldast nokkurn veginn á leið og komast helst niður fyrir myrkur. Þegar ég lít aftur til tímans í Jórdaníu standa uppúr minningar frá Wadi Rum, kvöld þegar ég sofnaði þreytt undir berum himni eftir klifur og brölt um fjöll og gil í eyðimörkinni.

Wadi Rum er í suðurluta Jórdaníu þar sem mörg hundruð sandsteinsfjöll og klettur rísa upp úr eyðimörkinni. Fjöllin hafa veðrast af sandrokinu, heitri sólinni og sjaldgæfum ofsarigningum og eru nú munstruð og skorin völuandhús. Á milli fjallanna, og upp sum þeirra, liggja eldgamlar leiðir bedúína (hirðingja) sem ferðust um svæðið með kindur, geitur og úlfalda. Bedúínarnir klifruðu fjöllin í leit að fjallageitum (ibex) sem eru orðnar sjaldgæfar. Lengi þekktu fáir svæðið aðrir en bedúínarnir en á tímum uppreisnar Araba gegn yfirráðum Tyrkja 1916-1918 átti breski fornleifafræðingurinn T.E. Lawrence, sem er betur þekktur sem Arabíu Lawrence, reglulega leið um svæðið. Í kjölfarið var minnst á svæðið í bæði bókum og kvikmyndum. Eyðimerkurklettarnir voru taldir ókleifir fyrir utan leiðir bedúínanna sem einkenndust af brölti frekar en klifri. Einn og einn erlendur ferðalangur slóst í för með þeim um fjallendið en um miðjan níunda áratuginn heimsóttu bresku klifrahjónin Tony Howard og

Di Taylor Wadi Rum. Bresku klifrarirnar tóku sig til við að klifra og kortleggja svæðið og árið 1987 kom út fyrsta klifurbókin eftir Tony Howard með handteiknuðum kortum og leiðarlýsingum. Í kjölfarið lögðu fleiri klifurleiðangrar leið sína til Wadi Rum og smám saman var bætt við bókina. Nú hundrað árum eftir ferðir hins breska Arabíu Lawrence streyma þúsundir ferðamanna til Wadi Rum til að feta í fótspor fornleifafræðingsins. Þeir keyra um eyðimörkina í bremsulausum og sandblásnum jeppum undir stjórn bedúínanna til að skoða fjöll, minjar og staði sem kenndir eru við Arabíu Lawrence. Mun minni hópur fetar í fótspor Bretanna Tony Howard og Di Taylor og þrila upp og niður hin óútreiknanlegu fjöll. Þau hjónin heimsækja Wadi Rum reglulega og Tony Howard talar gegn boltun svæðisins, enda ógrynni af bæði sprungum og sandsteinsúlum um allt. Hann hefur orðið ákveðinn verndari þessa svæðis og bókin hans er enn eini klifurleiðarvísirinn. Bókin hefur verið endurútgefin ótal sinnum með ýmsum viðbættum sem yfirleitt fara aftan



Horft yfir Rum og Jabal Umm Ishrin frá Jabal Rum. (Jabal þýðir fjall). *Ljósmynd: Védís Ólafsdóttir*

við fyrri útgáfur, sama hvar klifurleiðin er staðsett. Það hefur orðið til þess að leiðarvísirinn hefur þróast í að vera jafn óútreiknanlegur, ruglingslegur og sjarmerandi og flestar leiðirnar í Wadi Rum.

Ég hafði nánast ekkert klifrað í dóti áður en ég fór til Jórdaníu og í norðurhluta landsins er svolítið af sport klifur leiðum. Ég lét þær duga fyrsta árið, þó með tveimur undantekningum. Í september 2016, þegar hitinn var farinn að lækka í eyðimörkinni, héldum við þrjú til Wadi Rum og völdum okkur bedúína-leið til að bröлта. Við brunuðum í fjóra tíma suður frá Amman og til bæjarins Rum sem kúrir í miðju fjalllendingu. Í stað þess að borga 5000 kr íslenskar fyrir 15 mínútna far með bedúín-úm á pallbíl þá örkuðum við í þrjúsku okkar átta kílómetra í brennandi sólinni að upphafi leiðarinnar. Við höfðum valið leið þar sem við þurftum ekki að nota línu, tilvalin til að fá sandsteininn í puttana. Við tók tveggja tíma brölt upp króka og kima þar sem við eltum litlar vörður alla leið uppá topp, leiðin var brött með nokkrum 3-4 metra háum höftum. Snarbrött slöbb voru mest krefjandi þar sem þau fólu oft í sér brattar hliðranir þar sem engu var hægt að treysta nema sólunum á skónum. Rétt fyrir myrkur, ekki langt frá toppnum, fundum við okkur stað til að sofa á. Undir berum himni og þúsundum stjarna hátt upp á fjalli í eyðimörkinni, vissi ég að þetta yrði ekki síðasta ferð mín til Wadi Rum.

Vorið 2017 fór ég svo í sjö manna hópi yfir Jabal Rum. Jabal Rum er þriðja hæsta fjallið í Jórdaníu og er mjög krefjandi í leiðarvali. Við fengum því leiðsögumann með sem þræddi með okkur upp endalausar sillur og strompa. Eftir átta tíma brölt gistum við ekki langt frá toppnum og þegar morgnaði sigum við niður hinum megin í sex sigum.

Haustið 2017 þegar hitinn hafði lækkað gat ég ekki hugsað mér annað en að klifra meira í Wadi Rum. Ég var heppin að kynnst kanadískri konu og breskum manni sem deildu löngun minni og voru til í að verja frítíma sínum í Wadi Rum. Þar sem ekkert okkar hafði klifrað mikið í dóti byrjuðum við á því að finna auðveldustu leiðirnar í bókinni. Þótt þær væru merktar sem auðveldar leiðir í bókinni reyndist mjög krefjandi að finna hvar þær byrjuðu. Leitin að klifurleiðunum leiddi okkur þó á ótrúlegar slóðir, um gil og gljúfur sem voru oft ekkert síðri en klifrið sjálft. Eftir nokkrar ferðir til Wadi Rum, þar sem of stór hluti tímans fór í að leita að klifurleiðum, sögðum við að mestu leyti skilið við klifurbókina og treystum frekar á internetið. Það var þó líka frekar takmarkað og mjög oft á frönsku. Klifurdögunum fór þó að fjölga og erfiðleikagráðurnar að hækka enda áttuðum við okkur fljótt á þriðju gráðu spannir voru oft erfiðari en fimmtu gráðu spannir.

Wadi Rum er magnað en í senn krefjandi. Nánast allir sem klifra í Wadi Rum þurfa óviljandi einhvern tíma að sofa uppi á toppi. Þrátt fyrir að villast oft af leið var það sem betur fer oftast í leit að leiðunum heldur en í leiðunum sjálfum. Yfirleitt fór það ekki milli mála þegar við klifruðum af leið því þá fór sandsteininn að gefa eftir, jafnvel bara við það að blása á hann. Merki um mörg brotin grip voru traustvekjandi tákni um að leiðin væri nógu mikið klifruð til að losna við óþarfa óvissu. Veðruðu veggirnir sem mynduðu súlur urðu fljótt uppáhalds tryggingarnar. Við mótuðum okkur ástar-haturs samband við klifurbókina, sem var svo ómetanleg en á sama tíma algjörlega óskiljanleg. Leiðarlýsingarnar voru sjaldnast mjög hjálplegar og það þurfti oft að margfalda áætlaðan klifurtíma og niðurleið með allavega þremur eða meira. Yfirleitt var betra að treysta á að síga niður frekar en að ganga niður þar sem það var ►



Á toppi Jabal Rum. *Ljósmynd: Abood Hijazi*



Fyrsta spönn í L'Aperatif. *Ljósmynd: Alix Buck*



Niðurklifur í Great Siq á leið upp Eye of Allah. *Ljósmynd: Alix Buck*

nánast öruggt að maður villtist á niðurleið gangandi. Á internetinu er eftirfarandi lýsing á klassísku leiðinni Eye of Allah: „Fyrir venjulegt fólk er best að reikna með löngum degi, að minnsta kosti 15 klukkutímum upp og niður frá Rum. Reiknið með meiri tíma ef þið tynist, sem er frekar líklegt, og enn meiri ef þið viljið taka því rólega og taka eina eða tvær pásur. Ef þú ert ofurfjallaleiðsögumaður nærðu þessu kannski á áætluðum tíma, 3-4 klukkustundum.” Þeir klifrarar sem gera sér ferð til Wadi Rum eru oft af magnaðari gerðinni og á þakki upp Eye of Allah, hittum við til dæmis tékkneskan klifrara á hvíldardegnum sínum. Hann ákvað að fara ekki niður á strönd með félögum sínum heldur kanna þessa klassísku leið einn. Þrátt fyrir að hann setti ekki inn neinar tryggingar sem töfðu hann tók leiðin hann um 6-8 klukkustundir, upp og niður.

Wadi Rum helgarnar urðu upphalds og þeim fjölgaði ört yfir veturinn 2017-2018. Í eyðimörkinni var ekkert símasamband og því kærkomin hvíld frá hversdeginum í Amman, sem gerði



Greinarhöfundur í öðrum standi Crack in the Back. Þorpið Rum í baksýn. *Ljósmynd: Thomas Puddy*
Til hægri: Gengið niður í Rakabat gil frá toppi Crack in the Back. *Ljósmynd: Védís Ólafsdóttir*
(*Verðlaunamynd: 2-3 sæti í Klifurflokki*)

ferðirnar enn betri. Við reyndum að fara 1-2 helgar í mánuði, hittumst á fimmtudagskvöldum (helgarnar í Jórdaníu eru föstudagar og laugardagar!), keyptum inn fyrir helgina og brunuðum svo í fjóra tíma suður til litla bæjarins Rum. Þar hittum við bedúinnann Abdullah, eða einn af bræðrum hans sjö, sem skutlaði okkur á vel valið klifursvæði. Við tókum með okkur svampdýnur og svefnpoka en engin tjöld þar sem það rignir varla né hvekkir. Við sáum í mesta lagi eina og eina bjöllu á vappi en annars var ekkert sem gat bitað eða stungið. Ef eitthvað var að veðri, gistum við í helli eða djúpu gili. Ekkert gat truflað. Fyrir svefninn kveiktum við eld, hituðum te og drukkum einn eða tvo bjóra fyrir svefninn. Við lognuðumst svo útaf við snarkið í eldinum.





Great Siq á leið upp Eye of Allah. *Ljósmynd: Alix Buck*



Sólin rétt komin upp í annari spönn Eye of Allah. *Ljósmynd: Védís Ólafsdóttir*

Starfsemi ÍSALP 2018

Stjórn ÍSALP 2018 skipuðu Helgi Egilsson, formaður, Ottó Ingi Þórisson, gjaldkeri, Sigurður Ýmir Richter ritari, og meðstjórnendurnir Jónas G. Sigurðsson, Baldur Davíðsson, Matteo Meucci og Bjartur Týr Ólafsson. Baldur var kosinn til eins árs en Sigurður og Matteo til tveggja ára.

ÍSALP byrjaði starfsárið á að skrifa undir samning milli klúbbsins, Klifur-félags Reykjavíkur og bænda á Hnappavöllum, sem staðfestir leyfi bænda fyrir iðkun klífurs í Hnappavallahömrum og útlistar takmörk fyrir því hvað má gera á svæðinu. Þetta er eitt af hagsmunamálum klifrara sem ÍSALP hefur unnið að á árinu.

Heilmikil vinna var lögð í Bratta, sem býr sem stendur í Kópavogi. Björgunarsveit Akraness undirbjó grunn undir skálann sumarið 2017 og Ferðafélagið undir stjórn Stefáns Jakobssonar hófst í kjölfarið handa við að smíða inn í skálann. Eftir áramót 2018 var skálinn tilbúinn til flutnings en þegar sækja átti um leyfi til flutnings kom í ljós að Bláskógabyggð gat ekki gefið leyfi til flutningsins þar sem Súlunadalur er orðin þjóðlenda. Við höfðum fengið leyfi frá Þingvallabjörggarði með samþykki frá Þingvallanefnd og áður en Þingvallanefnd fékk málið til umfjöllunar hafði óháð verkfræðiskrifstofa skoðað málið í kjölinn. Allt kom fyrir ekki og skálinn fór ekki upp vorið 2018. Við tók tímabil skrifræðis og pappírsvinnu sem enn stendur yfir. Ferðafélagið hefur einnig lagt mikla vinnu í skálamálin og eru bundnar vonir við að skálinn komist upp 2019.

Haukur Már Sveinsson tók að sér síðasta haust að vera umsjónarmaður turnsins í Gufunesi. Það var síðan ráðist í framkvæmdir á turninum núna í sumar. Grindin var tekin niður og er framtíð hans óljós. Vonandi er hægt að setja grindina aftur upp og koma turninum í stand en annars eru ÍTR menn mjög fúsir að finna ádrar lausnir, svo sem að byggja með okkur nýjan vegg.

ÍSALP fundaði með Klifurhúsinu í september og skerpti á BÍS reglum. BÍS tímar voru miðvikudagar frá 21.30-23 og föstudagar frá 21-23. Við þurfum að vanda okkur vel við BÍS-ið bæði varðandi umgengni og slyshættu ef þetta samstarf á að ganga áfram. Annars var BÍS-ið óvenju lítið sótt síðasta vetur.

ÍSALP og FBSR héldu saman búnaðar-bazar 16.nóvember sem var ágætis upphitun fyrir stórviðburð, en Afmælishátíð Alpklúbbsins var haldin daginn eftir, 17.nóvember. Hún var vægast sagt vel heppnuð og á undirbúningsnefndin mikið hrós skilið. Baldur lánaði sal fyrir veisluna og Grillvagninn sá um matinn. Matteo kom með ísmola af Sóló til að kæla ölið. Hófið var vel sótt og mættu sextíu manns. Klúbburinn keypti einnig nýjan skjávarpa sem afmælisgjöf handa sjálfum sér.

Undanfarið ár höfum við af og til verið í samskiptum við Vatnajökulsþjóðgarð sem vildi fyrst banna klifur í Skaftafelli, sem við mótmæltum harðlega. Eftir áramót boltuðu erlendir klifrarar síðan mixleið í Ásbyrgi og varð klúbburinn eins konar milliliður milli klifraranna og þjóðgarðarins. Allir rólegir núna skilst mér. Það varð eilítið drama til viðbótar í Örafunum þegar Einar Örafingur klifraði leið sem reyndist vera í óþökk bænda. Það kom fram ósk um að klifurleiðin yrði fjarlægð úr gagnagrunni ÍSALP en ekki var orðið við því.

Frábært ársrit leit dagsins ljós í desember og var um virkilega veglegt afmælisrit að ræða. Haldið var útgáfuhóf þar sem 50 manns mættu. Tveir kútar kláraðir og þónokkur stemming.

Ísklifurfestival 2018 var haldið á Austfjörðum. Það var vel sótt og vel skipulagt. Veðrið var allaveganna en allir náðu í það minnsta að klifra eitthvað.

Benni og Albert Leichfried héldu myndasýningu fyrir ÍSALP á Center Hotel Plaza 15.febrúar og Fjallakofinn borgaði helminginn af leiguverðinu á salnum.

Alpklúbburinn sendi frítt föruneysi til Slóveníu í mars í vikulanga fjallaskíðaferð. Þar voru viðtökur höfðinglegar, gist í fjallaskála og skíðað með atvinnuleiðsögumönnum á daginn. Þetta er hluti af Erasmus samstarfi þriggja landa sem komið var á koppinn í fyrra.

Í ágúst sendi ÍSALP síðan hóp félagsmanna í klifurferð til Ungverjalands og Slóvakíu. Af þeirri ferð var einnig afar vel látið. Í apríl 2019 kemur að okkur að taka á móti fjallamönnum frá Ungverjalandi og Slóveníu á Tröllaskaga og er undirbúningur fyrir það í fullum gangi núna.

Banff var haldið í Maí í Bíó Paradís. Mjög vel heppnað og undirbúningurinn fyrr á ferðinni en oft áður.

ÍSALP lét prenta 110 boli í vor. Þeir eru til sölu í klifurhúsinu og hvetjum við alla til að ná sér í eintak.

Við gerðum enn eina tilraunina til að halda Stardalsdag og dótaklifurkynningu í Klifurhúsinu. Veðrið setti þó strik í reikninginn og var skipulaginu aðeins breytt en námskeiðið haldið engu að síður og mættu 8 byrjendur í blíðskaparveðri í Stardal.

Starfsárinu var síðan slúttað á björkvöldi á knæpu í miðbænum á laugardaginn síðasta. Þar mættu rúmlega 40 félagar og skemmtu sér þrýðilega.

22.nóvember 2017

Helgi Egilsson, formaður ÍSALP



Klifur: Björgvin Hilmarsson. Óþekkti klifrarinn glímir við.

Samantekt: Jónas G. Sigurðsson

Annáll íslenskrar fjallamennsku 2018

Ólíkt vetrinum 2016-2017 þá var síðasti vetur mjög hliðhollur ísklifurum. Helstu ísklifursvæðin héldust í aðstæðum nánast allan veturinn og ísklifurturninn í Gufunesi var vel nýttur. Ekki er hægt að segja að sumarið hafi verið jafn frábært til klettaklifurs eins og veturinn var til ísklifurs. Mjög blautt var á Suðvesturhorninu nánast allt sumarið og hitinn eftir því. Iðnir klettaklifrarar náðu samt sem áður að gera góða hluti og allir vona að næsta sumar verði aðeins þurrara til að fólk komist nú svolítið meira út.

SUÐVESTURLAND

Hörzl við Hauga – Sigurður Ýmir kíkta í Reykjanesið og bætti við tveimur nýjum leiðum sem kallast *Skyrgámur* 5B og *Búk-hljóðaballaðan* 5B+.

Gálgaklettur – Hér varð til fyrsta nýja leiðin í frekar langan tíma þegar Jafet Bjarkar klifraði leiðina *Schmetterling* 7A.

Mariuhellar – Sigurður Ýmir kíkta í hraunið við Mariuhella í Garðabæ og skræði leiðirnar

Sildarvalsinn 5C, **Spinatkal** 5A og **Kýlapest** 5A. **Smyrlabúðir** – Nýtt sportklifursvæði leit dagsins ljós rétt hjá Kaldárseli í Heiðmörk þetta sumarið. Klifursvæðið var hluti af því að þjálf krakka sem æfa klifur í Klifurhúsinu í sportklifri. Fyrir verkinu stóðu Elmar Orri Gunnarsson og Hjördís Björnsdóttir. Leiðirnar fengu nöfnin: **Boltableti** 5.6, **Tómur ís-skápur** 5.9, **Álfadís** 5.4 og **Krimperkrilið** 5.5. Ásamt því er ein 5.10 leið í vinnslu.

Jósepsdalur – Ný leið upp hornið á Ein-stæðingnum var skræð, **Logn** 5B.

Í útgáfuþöfnu fyrir síðasta ársrit var gagnagrunnurinn á isalp.is kominn í yfir 900 leiðir þegar leiðarvísirinn fyrir Múlafjall var gefinn út. Sett var markmið um að árið 2018 myndi klúbburinn ná leiðaskráningunni upp í 1000 leiðir áður en árið væri á enda. Þetta markmið náðist í mars og eru leiðirnar núna orðnar yfir 1050 og nýjar leiðir bætast við mjög reglulega. Klúbburinn áætla að 95-99% vetrarklifurleiða á Íslandi séu núna skráðar í gagnagrunninn og er hann því orðinn ansi umfangsmikill. Klúbburinn vill þakka öllum þeim sem hafa sent inn efni, myndir, leiðréttingar og skráningar til að gera leiðaskráninguna enn betri og áreiðanlegri og óskar á sama tíma eftir áframhaldandi dugnaði félaga á þessu sviði.

Mosfellsdalur – Kári Brynjarsson og Tómas Eldjárn lögðu af stað úr bænum síðasta janúar með það að markmiði að klifra Spora í Kjós. Veðrið var víst ekki eins og það verður best á kosið svo þeir breyttu um áætlun og enduðu á að finna nýtt ísklifursvæði í léttari kantinum í sunnanverðum Mosfellsdal. Þeir klifruðu leiðirnar: Út af sporinu WI 2+, **Eggið** WI 2 og **Bröltið** WI 2.

Búahamrar – Milli skúra í sumar hlupu einhverjir upp í Búahamra til að skoða hvort þar mætti koma fyrir fleiri leiðum. Jónas G. Sigurðsson og Bjartur Týr Ólafsson kíktu í hamrana í lok apríl og ætluðu að klifra gömlu dótaklifurleiðina Loka. Þeir fóru eitthvert allt annað lengst frá og tveimur dögum seinna kom í ljós að sú lína hafði aldrei verið klifruð áður. Leiðin fékk nafnið **Angurboða** 5.6, en það er nafnið á einni dóttur Loka. Í sömu ferð og Angurboða var farin sáú Jónas og Bjartur flotta línu sem hægt væri að bolta og klifra í tveimur spönnum. Þeir skeltu sér í verkið um mánuði síðar og úr varð leiðin **Tveggja turna tal** 5.7/5.8.

Tveggja turna tal sameinast Svarta turninum og samnýtir niðurgöngugilið með þeirri leið. Í þessu gili er áberandi 30m hár rauðleitur veggur sem snýr í austur. Veggurinn er úr hinu fínasta bergi og varð hann því næsta boltunarverkefni í Búahömrum. Jónas og Rob Askew sigu niður vegginn í júlí og í lok ágúst voru tilbúnar tvær leiðir á veggnum sem að byrja sín hvoru megin við stöpul sem stendur út úr veggnum og sameinast ofan á honum og fara saman á toppinn. Leiðirnar fengu nöfnin **Smiðsauga** 5.7 og **Stór í Japan** 5.7. Sumrinu var ekki alveg lokið í Búahömrum því að Gunnar Ingi Stefánsson, Jónas og Sif Pétursdóttir fóru upp í hamrana í lok september og skelltu upp einni leið til viðbótar á þennan sama vegg. Leiðin fékk nafnið **Gerviglingur** 5.6.

Frétt hefur að Freyr Ingi Björnsson hafi skoðað og áformi að bolta hryggjarleið eftir brúninni á þessum vegg. Einnig hefur heyrst að leiðin sé komin með millistansa og verði 3 spennir í léttari kantinum.

Hrútdalur – Matteo Meucci og Sigurður Ýmir Richter lögðu leið sína í Hrútdal í mars og klifruðu leiðina **Hrúthorn** WI 4+. Leiðin er á sama vegg og Bekri og inniheldur 200-250m af blönduðu klifri í fjórum spönnum.

Kjós – Eitthvað var um umferð í Kjósinni síðasta vetur. Daniel Másson og Jón Andri Jónsson fóru í Dauðsmannsfoss, sem hefur ekki verið klifraður í langan tíma. Teymið tók eftir því að rétt við hliðina á Dauðsmannsfossi var önnur óklifin leið. Stutta síðar fór þetta sama teymi ásamt Nönnu Guðrúnu Bjarnardóttur í leiðina og nefndi hana **Dingulbera** WI 3. Seinna kom svo í ljós að fyrri leiðin var óklifruð og sú seinna var Dauðsmannsfoss. Fyrri leiðin heitir því núna Dingulberi.

Fleiri fóru á fáfarnar slóðir í Kjósinni því þeir Ásgeir Már Arnarson og Mike Reid fóru í skálina þar sem leiðin Hrynjandi er. Þeir klifruðu Hrynjanda og tóku eftir flottum línunum vinstra megin við hana. Nokkrum dögum síðar lögðu þeir leið sína aftur í Kjósina og klifruðu **From America with love** WI 4 og **Avoiding a shower** WI 4+.

Brynjudalur – Utarlega og norðan megin í Brynjudal er heill hellingur af ísklifurleiðum í léttari kantinum. Margar þeirra hafa verið klifraðar, en ekki skráðar fyrir en nú. Þar sem engar upplýsingar lágu fyrir um svæðið, þá voru leiðirnar allar nýskráðar og gefin nöfn og gráður eins og við átti. Átta nýjar leiðir voru klifraðar á undirsvæði sem ber nafnið Stórhjalli og að minnsta kosti fjórar leiðir á öðru undirsvæði sem kallast Ingunnarstaðir. Mikið var tekið til á klifursvæðinu Brynjudal inni á isalp.is og er svæðinu núna skipt niður í átta undirsvæði og ætti að vera þokkalega aðgengilegt.

Í kjölfar góðs frostakafla voru aðstæður með betra móti milli jóla og nýárs, sem varð meðal annars til þess að Órion komst í góðar aðstæður. Óvenju mörg teymi lögðu því leið sína með stuttu millibili í þessa klassísku leið og var eitt teymið svo séð að útbúa myndband af klifrinu. Myndbandið má finna inni á isalp.is.

Í síðasta ársriti var lögð mikil vinna í að koma út fyrstu útgáfu af leiðarvísi um **Múlafjall**. Leiðarvísirinn er mjög ítarlegur og hefur nýst vel síðasta árið. Smávægilegar breytingar hafa

orðið á svæðinu síðan leiðarvísirinn var gefinn út. Þar ber helst að nefna að Páll Sveinsson og Ottó Ingi Þórisson bættu boltum í byrjunina á leiðinni **Heiladauður** M 7 og Páll boltaði leiðina **Fimmtiu og sjö** M 6 við hliðina á **Chinese Hoax** M 6+. Jónas og Matteo fóru “nýja” leið á sama vegg og Fimm í fötu M 5+, nefnd **Baun í bala** WI 4. Einnig boltaði Matteo leiðina **Fear is 90** M 6 í Leikfangalandi og nýja leið sem hefur hlotið vinnutilinn **Mind games** og er sennilega í kringum M 7.

Sé haldið rétt út fyrir Þyrl má finna lítinn dal sem heitir **Litlasandsdalur**. Þessi dalur á að hafa verið leyniklifursvæði Flugbjörgunar-sveitarinnar í Reykjavík á árum áður og þetta klifur hefur haldist svo leynilegt að engar upplýsingar finnast um klifur í dalnum. Jónas og Matteo fóru því „nýja“ leið vestan megin í dalnum og nefndu hana **Flöskuháls** WI 3.

Akrafall – Margt er í gangi í klifurheiminum á Akranesi en þar flutti klifurfélag ÍA æfingar-aðstöðuna sína yfir á Smiðjuloftið sem er frábær nýr klifursalur, bæði fyrir grjótglimu og sportklifur. Ísalp óskar Skagamönnum innilega til hamingju með nýja æfingaraðstöðu.



Klifur: Björgvin Hilmarsson. Óþekkti klifrarinn glímir við íströll á íslenskum jökli.

Undanfarin ár hafa reglulega bæst við nýjar sportklifurleiðir í Akrafjalli en þetta sumarið náðist það ekki vegna anna á Smiðjuloftinu. Í Akrafjalli eru nú um 15 boltaðar leiðir og vinsældir svæðisins aukast stöðugt, enda státar svæðið af auðveldri aðkomu og síðdegissól auk þess sem orðið er frítt að ferðast um Hvalfjarðargöng. Tvær nýjar grjótglimuþrautir bættust hins vegar við í Fjallinu, það voru leiðirnar **Hnefi 6B** og **Aurora 6A**, klifraðar af Jafet Bjarkar, Gro Birkefeldt og Jacob Egelund.

Brekkuþjall - Matteo og Bjartur fóru í könnunarferð upp í Borgarfjörð að finna gamla ísklifurleið frá Páli Sveinssyni og Guðmundi Helga. Leiðin **Ekki er allt sem sýnist** átti vist að vera WI 4 en þeir komust að því eins og margir aðrir að leiðin er ekki minna en WI 5. Í þessu sama gili klifruðu þeir einnig nýja leið og nefndu hana Þjóðmál WI 3.

Bolaklettur - Í sama frostakafli og Óríon fraus allur, fraus leiðin **Bara ef mamma vissi** einnig allan hringinn. Sigurður Ýmir, Magnús Ólafur og Atli Már klifruðu fossinn sem var

alls ekki meir en WI4 í slíkum aðstæðum. Þó upprunalega leiðin sem fyrsta teymi fór 2008 hafi verið WI5+ (enda fylgdi hún vinstri jaðrinum á ísskel í líklega óhagsstæðari aðstæðum), þá á gráðan WI4 betur við fossinn í góðum aðstæðum. Frábær leið.

VESTFIRÐIR

Norðurfjörður - Uppsetning leiða hélt áfram í Norðurfirði líkt og síðustu tvö sumur þar á undan. Veðrið setti strik í reikninginn eins og á öðrum klettaklifursvæðum þetta sumarið. Klifurteymi að norðan, skipað Friðfinni Gísla Skúlasyni, Jóni Heiðari Rúnarssyni, Bryndísi Bjarnadóttur og Magnúsi Arturo Batista fór í ferð í fjörðinn í júlí og kom upp leiðunum **Grjótkast** 5.10b, **Eldibrandur** 5.12, **Draugakálfurinn Slorsi** 5.8 og **Blómin á þakinu** 5.9. Eldibrandur er fullboltuð en hefur ekki verið klifruð eins og er og telst því vera opið verkefni.

Jónas Grétar, Sigurður Ýmir og Magnús Ólafur fóru í aðra ferð í Norðurfjörðinn í byrjun sept-

ember í tvísýnni veðurspá. Jónas kom fyrir boltum í leiðinni **Baskavigin** og Sigurður Ýmir byrjaði að hreinsa sprungu við Síðaskiptin og á þar að verða dótaklifurleið með akkeri næsta sumar.

NORÐURLAND

Hörgárdalur og Öxnadalur - Félagar úr björgunarsveitinni Súlum frá Akureyri fóru í dagsferð inn í Öxnadal í desember og frumfór leiðina **Súlan** WI 4. Nokkrum vikum seinna fór teymi skipað af Rakel Ósk Snorradóttur, Katrínu Pétursdóttur og Sigurði Kristjánssyni á sama vegg og frumfór leiðina **Rennibrautin** WI 3 sem er rétt vinstra megin við Súluna og fer í gegnum göng í klettinum. Friðfinnur Gísla, Hörður Halldórsson og Jón Heiðar fóru á svipuðum tíma einnig á sama vegg og frumfóru **Maxi popp** WI 3 sem er með möguleika á mix útgáfu. Nokkrum vikum síðar fóru Friðfinnur og Jón aftur í Öxnadal, en nú á nýjan stað. Þeir frumfóru leiðina Örylgur WI 3 - 4 á áberandi vegg þar sem þrjár línur í viðbót bíða þess að vera klifraðar. Atvinnuisklifrarinn Albert Leichtfried og Benidikt Purner mættu

til landsins í eina af sínum reglulegu ísklifurhringferðum um landið í febrúar síðastliðinum. Þeir byrjuðu ferðina Öxnadalsmegin í Háafjalli, sem aðskilur Hörgárdal og Öxnadal og klifruðu þar tvær leiðir í blönduðu klifri. Þær fengu nöfnin **Exciting trousers** M 6 og **Hoarníglshéidi** M 7. Síðari leiðin þýðir naglakulshéidi á íslensku og gefur það vísbendingu um aðstæðurnar þann daginn.

Kaldakinn - Næst lá leið félagana Alberts og Benna á Björg að heimsækja Hlöðver félagasinn. Þeir fundu nýjar leiðir til að klifra eins og vanalega. Á undirsvæðinu Stekkjastaur frumfóru þeir leiðina **Veggföður** WI 6/M 6 og á undirsvæðinu Glassúr náðu þeir að hlaupa eftir veggnum á fjöru og komast í línuna lengst til hægri á svæðinu, sem var jafnframt sú síðasta sem átti eftir að klifra yfir sjónum. Hún fékk nafnið **Tower of Ágúll** WI 5.

Ásbyrgi - Albert og Benni fengu ábendingu um að það gæti verið möguleiki á flottri ísklifurleið í fossinum innst inni í Ásbyrgi. Þeir keyrðu frá Björgum yfir í Ásbyrgi og spurðu landvörð á svæðinu hvort að það væri í lagi að þeir klifruðu innan þjóðgarðsins. Þeir fengu klifurleyfi hjá þjóðgarðsvörðum og fóru að skoða hvað væri í boði. Fundu þeir magnaða tveggja spanna leið sem þeir fóru og nefndu **Shelter of the gods** M 10/M 9+. Leiðin var ekki möguleg nema með því að koma fyrir fjórum boltum í hvorri spönn. Vikunni eftir að leiðin var klifruð kom í ljós að leyfið sem þeir höfðu fengið tók ekki til boltunar eða annars rasks á jarðmyndunum og Vatnajökulsþjóðgarður var ekki ánægður með atvikið. Vegna þessa vill Ísalp koma á framfæri og áretta að **boltun innan Vatnajökulsþjóðgarðs er óheimil**. Beðist var velvirðingar á atvikinu og náðist sátt í málinu að þessu sinni.

AUSTURLAND

Breiðdalur - Austfirðir voru áfangastaður ísklifurfestivals Ísalp árið 2018. Gist var í Breiðdal og því fjölmargar leiðir klifraðar í dalnum og nágrenninu. Festivals föstudagurinn var mjög blautur og því voru flestir ekki lengi úti þann daginn en laugardagurinn var hins vegar frábær.

Ný leið var farin við hliðina á Partybæ, hún fékk nafnið **Kántríbær** WI 3. Nýtt örsvæði var myndað innan Múlakletta. Leiðirnar þar fengu nöfnin **Mér finnst rigningin góð** WI 3, Þúsund sinnum segðu já WI 3+ og **Húsið er að**

gráta WI 3. Ný leið var sett upp í Flögugili sem fékk nafnið **Slow ride** WI 3.

Nýtt undirsvæði var myndað með samtals fimm leiðum. Svæðið er rétt vinstra megin (austan) við Pálskletta og fékk nafnið Rauðihryggur. Þar voru leiðirnar **Beljandi** WI 4+, **Slöttur** WI 3, **Billy hillan** WI 4, **Hvitserkur** WI 4 og **Spaði** WI 4 klifraðar af fjölmörgum klifurum. Í Pálsklettum voru leiðirnar **Depill** WI 4 og **Á fallanda fæti** WI 4 klifraðar. Uppi á Breiðdalsheiði var einnig nóg að finna af ís og þar voru leiðirnar **Sólókisi** WI 2 og **Vegbúi** WI 3+ farnar.

Ágúst Þór Gunnlaugsson og Bergur Einarsson klifruðu nýja leið í fjallinu Tó sem skiptir Breiðdalnum í Suðurdal og Hróarsdal. Leiðin er 90 metrar WI 4 og fékk nafnið **Stoppa hér**.

Fjögurra manna teymi skipað Árna Stefáni, Bjarti Tý, Hauki Má Sveinssyni og Jónasi Grétari lagði af stað á laugardagsmorgun til að reyna við **Klukkutind** sem trónir yfir Breiðdal og Berufirði. Tindurinn er brattur og oddmjör og óklifinn þrátt fyrir að einhver teymi hafi reynt. Eftir smá þælingar við að finna bestu leið upp komst teymið upp á topp eftir hrím-bólstruðu bergi. Leiðin fékk nafnið **Tilikum** AD+/ AI 3 eftir morðháhyrningnum fræga sem var veiddur í Berufirði.

Berufjörður - Einhverjir leituðu út fyrir Breiðdalinn í leit að nýjum línunum á Festivalinu og óku yfir í Berufjörð. Ítalska teymið, skipað þeim Matteo og Franco Laudanna fór leiðirnar **Tripple step** WI 5 og **Gengið í svefni** WI 4 í fjallinu Dys. Teymi frá HSSK og HSSR fóru í bíltúr í mestu rigningunni á festivals föstudeginum. Til að sýna lit og klifra eitthvað þá fann teymið fjórar stuttar leiðir í Fossarvík sem var nánast hægt að tryggja úr bilnum og sækja upp á hömrnum. Ein leiðanna var meira að segja tryggð úr bilnum. Leiðirnar fengu nöfnin: **Ain't no mountain high enough** WI 3+, **Með miðstöðina í botni** WI 2, **Bilabíó** WI 2 og **Roadkill** WI 2.

Fjarðarbyggð - Hringferð Alberts og Benna hélt áfram og var förinna næst heitið á Austurland. Þar fengu þeir far með bát frá Neskaupsstað og að fjallinu Nípukolli. Þar klifruðu þeir leiðina **With a little help from my friends** WI 5 nánast úr bátinum og upp fjallið.

Einhverjir óku svona langt á Festivalinu til að skoða klifurmöguleika en einnig til að freista þess að veðrið væri skárra þar, sem þó reyndist óskhyggja. Sigurður Ýmir og Magnús Ólafur klifruðu leiðirnar **Kobbi** WI 4 og **Ibbi** WI 4 í Geithúsaargljúfri við Reyðarfjörð.

SUÐAUSTURLAND

Vestrahorn er orðið eitt vinsælasta grjótglimusvæðið á Íslandi og stærðarinnar leiðarvísir er í vinnslu fyrir svæðið. Birkir Fannar Snaevasson og Hilmar Ómarsson fóru í langa helgarferð í maí og náðu að klifra nokkrar af erfiðustu leiðum svæðisins. Þeir fóru báðir **Olympus has fallen** 7C+, **Nocturnal Activities** 8A og **Any given Sunday** 8A+. Birkir fór einnig **Kex** 7C og **Járnkló** 7C+. Hin heimsfræga Sierra Blair-Coyle kom til landsins í sumar og fór um víðan völlu með Andra Má, Birki Fannari og Garpi Inga. Hún stoppaði meðal annars í Vestrahorni þar sem hún og Andri klifruðu **Two against Nature** 7B og **Kex** 7C.

Í **Suðursveit** eru margar ófarnar ísklifurleiðir sem bíða frumferða. Rory Harrison tók sig til og skoðaði tvö gil á svæðinu, eitt í Skálafelli sem fékk nafnið **Klifurfélag Suðausturlands** WI 2 - 3 og hitt í Heinabergsfjöllum sem fékk nafnið Óvænta akkerið WI 2 - 3. Suðursveitin er ekki bara góð fyrir ísklifur heldur er líka finasta berg á svæðinu. Árni Stefán Halldorsen hefur ásamt fleirum unnið að þróun á grjótglimu á svæðinu og þá aðallega í mjög flottum helli við Hellisholt. Sierra Blair-Coyle skoðaði einnig möguleikana á svæðinu og klifraði nýjar leiðir í léttari kantinum í steinboga í landi Skálafells.

Fjallsarlón er orðið vinsælt svæði á íslenskan mælikvarða. Þar eru mjög jökulsorfin grettistök sem bjóða upp á finustu gjótglimu. Nokkrar leiðir voru farnar við lónið síðasta sumar. Þar ber helst að nefna **Grettisföðm** 7B, **Breiðarúðningur** 7B og **Breiðarmerkurperlan stand** 7C. Litill leiðarvísir er í vinnslu.

Stigárdalur er svæði í fjöllum ofan við Hnappavelli og er frekar sjaldan heim-sótt. Einar Rúnar Sigurðsson og Ólafur Þór Kristinsson fóru upp í dalinn í mars og klifruðu nýja leið á milli American Beauty og Svart og sykurlaust. Leiðin var nefnd Ishellirinn WI 5

Hefur þú séð 127 Hours?

Skildu eftir slóð

112

112 Iceland



Á **Hnappavöllum** gerðist margt og mikið eins og á hverju ári en þó ekki jafnmikið og oft áður vegna óvenju blauts sumars. Jafet Bjarkar Björnsson og Kristján Þór Björnsson fóru tvær nýjar grjótglimuprautir í Miðskjöli, **Animal babies** 6C og **Bleyta og blása** 6A. Adrian Markowski varð sjöundi kappinn til að klifra Ópus 5.13d. Um vinnuhelgi í október voru setti ný akkeri í Gullkorn og Uxa ásamt því að sinna almennu viðhaldi á Tóftinni. Á síðasta degi 2017 fóru Einar Rúnar, Árni Stefán og Íris Ragnarsdóttir Pedersen að ísklifra á Hnappavöllum. Þau fóru glænýja leið við hliðina á Örgustu snilld og nefndu hana **Gamlársparty** WI 4.

Á Þrettándanum fóru feðgarnir Einar Rúnar og Aron Franklín Jónsson í klettana fyrir ofan **Hof** og frumfóru þar leiðina Þrettándagleði WI 5. Einar fór svo nokkrum dögum seinna á svipaðar slóðir með Snorra Erni Sveinssyni. Þeir fóru í vegginn þar sem Grasfróði er og frumfóru leiðina **Mosafróði** WI 3. Nokkrum dögum eftir það fór Einar á sama stað en hafði nú með sér Ólaf Þór og Magnús Bjarka Snæbjörnsson. Þeir frumfóru á einum degi leiðirnar **Vinstri grænir** WI 4, **Blóðmör** WI 4 og **Lifrapylsa** WI 3.

Teymi leiðsögumanna sem var í frii á Nýársdag ákvað að skoða **Grænafallsgljúfur**. Ástæðan fyrir því að þetta gljúfur er sjaldan heimsótt er sú að til þess að komast inn í það þarf að klifra Þröskuldinn sem getur verið á bilinu WI 3 til WI 5 allt eftir aðstæðum hverju sinni. Í þetta sinn var Þröskuldurinn viðráðanlegur og teymið komst inn í efri hluta gljúfursins. Teymið, sem skipað var af Brecht De Meulenaer, Bořivoj Hirš, Emilia Bandoz, Miroslav Žak fór í fyrstu leiðina sem það sá eftir Þröskuldinn en seinna kom í ljós að sú lína virðist ekki myndast oft og því var hún ófarin. Leiðin var því nefnd **Pumpy New Year** WI 4+. Tvö teymi á leið á Ísklifurfestivalið á Austfjörðum fóru einnig inn í gljúfrið í febrúar. Annað teymið fór í Grænafallsgljúfurfossinn sem virðist ekki hafa verið klifraður áður vegna þess hve vatnsmikill hann er og frýs ekki alltaf. Þeir Brecht De Meulenaer, Daniel Másson og Ottó Ingi frumfóru því leiðina **Stairway to heaven** WI 4.

Svínafell er áhugavert fjall sem hefur margar flottar leiðir að geyma. Enn og aftur var Einar Rúnar á ferð í Öraefum og með Ólafi Þór eins og oft áður þann veturinn. Þeir byrjuðu að

klifra rétt fyrir framan sporðinn á Virkisjökli og hættu ekki að klifra fyrr en þeir voru komnir upp á Svínaellið. Úr varð leiðin **Virkið** WI 5 sem að tók 10-12 tíma að klifra og spennirnar voru það margar að talan týndist. Árni Stefán hafði eitthvað skoðað grettistök austan við bæina í Svínaelli og haft orð á að þar hafi hann prófað hinar fínustu grjótglimuprautir. Þetta svæði var þokkalega vel kortlagt um sumarið og telur það nú 13 leiðir og eru þær vel skráðar á klifur.is. Í byrjun vetrar fór Árni ásamt Írisi aftur að skoða klifurmöguleika í Svínaelli en í þetta sinn ísklifur. Frumfóru þau leiðina **Drápsfoss** WI 3+ vestan megin í Svínaelli.

Leiðsögumenn í **Skaftafelli** urðu hæst ánægðir þegar að **Hundafoss** fraus og hægt var að ísklifra eftir vinnu. Nokkrum dögum seinna kom svo í ljós að góður kuldakafi yfir áramótin var nægilega góður til að frysta sjálfan **Svartafoss**. Árni Stefán, Íris Pedersen og Svanhvít Helga Jóhannsdóttir stukku til, urðu fyrst til að klifra fossinn og gáfu honum WI 4. Næstu fjóra daga lá við að það væri biðröð í fossinn því að allir vissu að hann myndi sennilega ekki frjósa aftur í bráð.

Kirkjubæjarklaustur er fullt af ís og það nánast inni í bænum. Þrátt fyrir allan ísinn og nálæg svæði í Fjaðrárgljúfri og Hörgárgljúfri, þá hefur ekki verið klifrað í kringum Klaustur síðustu ár. Góði kuldakafinn um áramótin freistaði Ágústars Þórs, Halldórs Albertssonar og Jónasar G. til að renna austur og skoða hvað myndi finnast. Dóri fékk í magann á Hellisheiði og varð því eftir í Hveragerði. Ágúst og Jónas komu í Skaftárstofu og biðu eftir veðraskilum sem gengu upp eins og klukkuverk. Ágúst og Jónas klifruðu í blöðskaparveðri leiðirnar **Dominos** WI 3+ og **Altarisgangan** WI 3 áður en að þeir brunuðu austar til að ná Svartafossi líka. Þegar teymi fóru að koma sér austur á firði til að taka þátt í Ísklifurfestivalinu þá fengu bæði Dominos og Altarisganga sínar aðrar uppferðir ásamt því að leiðin vinstra megin við Altarisgönguna var frumfarin. Hér voru þeir Bjartur Týr, Franco og Matteo að verki. Leiðina nefndu þeir **Moskugólf** WI 2.

Klettabelti í **Þorgrímsheiði** sem sést frá bílastæðinu við **Fjaðrárgljúfur** náði athygli Freys Inga, Eyvindar Þorsteinssonar og Eyþórs Björgvinssonar á meðan að þeir voru þar staddir við vinnu í janúar. Þeir náðu að stökkva til og frumfara þrjár nýjar leiðir. Leiðirnar

fengu nöfnin **Blatur Örn** WI 4, **Turnuglan** WI 4 og **Glókollur** WI 4.

SUÐURLAND

Sólheimajökull hefur síðustu ár verið gífurlega vinsæll hjá ferðamönnum sem heim-sækja landið og á sama tíma verið þónokkuð vinsæll fyrir ísklifrara til að æfa þegar lítill ís er til staða. Jónas og Matteo gengu um þrjá kílómetra upp jökulinn þar til þeir komu að Lakapúfugili. Í gilinu er foss sem á sumrin lendir á stein og sprautast í boga yfir gilið. Vatnið úr fossinum myndar yfirleitt lítið lón sem jökullinn nær að stífla af. Þegar komið var að lóninu þá kom í ljós að nýlega hafði lónið verið fullt og ís lagt yfir en lónið virðist hafa tæmst snögglega og allur ísinn sem var yfir lóninu hefur hrunið niður um 40 metra. Næstu teymi þurfa því að fara með gát! Fossinn sjálfur bauð upp á fínasta klifur sem endaði á frekar þröngri og kertaðri kverk sem mynni á fingur, leiðin fékk því nafnið **Krumtur** WI 4. Á leiðinni til baka niður jökulinn klifruðu Jónas og Matteo síðan áberandi foss sem er við vestari hluta jökulsporðsins. Sú leið fékk nafnið **Túristafoss** WI 3.

Langt þarf að liða þar til **Skógafoss** sjálfur verður klifraður en klettarnir umhverfis hann mynda stóra skeifu og ná vel að taka við úðanum frá fossinum ef það verður nógu kalt. Flo Ris fór þrjá daga í röð í lok nóvember 2017 með mismunandi félögum inn í úðann og komst hærra í hvert skipti. Fyrir síðustu tilraunina seig hann niður af útsýnispallinum og kom fyrir tryggingu á mjög tortryggðum hluta og náði eftir það að leiða leiðina upp úr skeifunni. Í loka tilraun var Brecht De Meuleaer með í för og leiðin fékk nafnið **Fired from Fjalló** WI 4.

Eyjafjöll komust óvenju snemma í aðstæður síðasta vetur og var **Paradísarheimt** klifruð í lok nóvember af þó nokkrum teyimum. Í miðjum kuldakaflanum um áramótin, sem áður hefur verið minnst á, klifruðu Ólafur Þór og Bergur Sigurðsson nýja leið við Holtsós. Leiðin fékk nafnið **Surf & Turf** WI 3 vegna nálægðar við sjóinn og mikils magns af torfi sem barið var í á leiðinni. Önnur lína er alveg við hliðina á Surf & Turf sem er svipuð og ófarin. „Ný“ dótaklifurleið var farin í Pöstumum rétt vinstra megin og yfir Vippunni. Leiðin fékk nafnið **Flóðalabbi** 5.6 eftir draug sem á að hafa verið kveðinn niður undir klifurleiðunum. Ólafur Þór klifraði allar sportklifurleiðirnar í Pöstumum á einum degi í sumar.



Ólafur Þór og Þórir Guðjónsson voru á ferð inni í Þórmörk í byrjun janúar og nýttu sér enn og aftur umræddan kuldakafla. Þeir frumfóru leiðina **Jólaököttinn** WI 3 - 4 inni í Grettisskarði

Háifoss er svæði sem ekki er oft klifrað á en inniheldur mjög flottar leiðir þótt fáar séu. Ólafur Þór, Javier Fabra og Sigurður Bjarni Sveinsson bættu þar um og frumfóru leiðina **Three Amigos** WI 4 rétt neðan við sjálfan Háafoss.

Ingólfsfjall hefur mörg falin gil sem mikið var klifrað í fyrir nokkrum áratugum en lítið af því var skrásett. Einhver hreyfing er nú komin á skráningu í fjallinu með auknum ísklifuráhuga fólks í björgunarsveitum á svæðinu. Leiðin **Gljúfur** WI 2 var skrásett, en hún fylgir ánni Gljúfurá upp gljúfur með nokkrum áhugaverðum höftum á leiðinni. Önnur leið sem var skrásett á árinu og hugsanlega frumfarin var **Skjalavörðurinn** WI 3 sem er í sama gili og Hardcore leiðin Fall er fararheill.

ÚTLÖND

Magnús Ólafur og Sigurður Ýmir fóru til Bohuslän í **Svíþjóð** til að skoða dótaklifur í Skandinavíu. Þeir náðu að klifra heilan helling og fóru einhverjar 5.11 leiðir. Magnús tók fall neðarlega í leið og reif út tryggingu og lenti á jörðinni. Betur fór en á horfðist og Magnús kom heill heim.

Ásgeir Már fór alpaklifurferð til **Frakklands, Ítalíu og Sviss**. Þar fór hann Matterhorn 4.478m, Mont Chetiv 2.343m og Dent du Geant 4.013m ásamt leiðum í kringum Chamonix.

Ásgeir Guðmundsson og Bergur Sigurðsson fóru einnig til Chamonix og klifruðu vel valdar leiðir í og fyrir ofan dalinn. Eftir nokkra daga í Chamonix ákváðu þeir félagar að fara á Matterhorn og náðu toppinum einungis þremur dögum á eftir Ásgeiri Má. Klifurhúsið stóð fyrir æfingaferð fyrir ungmenni til Orpierre í Frakklandi. Mikið var klifrað í miklum hita og náði Elmar Orri að klifra 5.13b leiðina Bookaro Banzai.

Ísalp sendi tvo hópa til **Slóveníu, Slóvakíu og Ungverjalands** í mars og ágúst. Ferðasögur úr þessum ferðum má finna í greinum framar í blaðinu.

Elin Lóa Baldursdóttir og Bergur Ingi Geirsson skelltu sér til **grísku eyjunnar Kalymnos** til að sport- og fjölspannaklifra í þrjár vikur í október.

Valdimar Björnson og Kristján Þór Björnson fóru til Siurana og annara nálægra svæða á **Spáni** í byrjun árs 2018 og svo fóru þeir aftur í lok ársins en þá með Adrian Markowski, Lóu Björk Björnsdóttur og Tómasi Ken Shimomura-Magnússyni. Í heildina fóru Valdimar og Kristján: 7c+ (5.13a), tvær 8a (5.13b), þrjár 8a+ (5.13c), fjórar 8b (5.13d) og eina 8b+ (5.14a). Einhverjar af þessum leiðum fór Adrian líka. Valdimar hefur nú klifrað þrjár 5.14a leiðir og Kristján hefur klifrað tvær. Fyrirhuguð er önnur ferð til fyrirheitna landsins og verður fjallað um komandi afrek í næsta ársriti.

Magnús Ólafur og Sigurður Ýmir fóru tvær ferðir til Katalóníu, í fyrra skiptið í nokkra daga í apríl til Margalef með Atla Má Hilmarsyni og Guðmundi Ísaki Markússyni, en seinna skiptið í tvær vikur í október með Agli Erni Sigurpálssyni. Í þeirri ferð var aðallega klifrað í Siurana, Margalef og Riglos í sporti, og fóru þeir m.a. 8 spanna 5.11b leiðina Mosquitos á La Visera.

Bjartur Týr fór einnig til Katalóníu í september. Ásgeir Már Arnarsson og Magdalena Nowak fóru til Fineserat á Spáni til að klifra fjölspannaleiðir í nóvember.

Kristín Steinarsdóttir fór fjölspannaleiðir og sportklifurleiðir á Spáni. Í Montserrat, Garraf, Ager, Calpe, Riglos, Montrebei, Tarragona, Asturias, Rodellar og fleiri svæðum. Elmar Orri Gunnarsson skrapp einnig til Spánar eins og svo margir aðrir og var hann þar yfir jól og áramót. Hann kom heim eftir að hafa klifrað fimm 5.12d leiðir, tvær 5.13a og tvær 5.13b.

Védís Ólafsdóttir hefur búið í **Jórdaníu** síðustu ár og hefur nýtt tímann vel til að skoða sandsteinsklifurmöguleika í nágrenni Amman.

Ásgeir Már fór einnig til **Kanada** til að ísklifra, læra á skíði og sportklifra í Alberta. Esther Jónsdóttir fór í skiptinám til Kanada. Hún hefur nýtt tímann vel til að skoða hvað Kanada hefur upp á að bjóða og hefur lagt stund á klifur í Squamish og skíðað í Whistler.

Þeir Friðfinnur Gísli, Jón Heiðar og Hörður úr björgunarsveitinni Súlum á Akureyri lögðu leið sína til **Bandaríkjanna** í febrúar og sóttu ísklifurnámskeið í Colorado og ísklifruðu í ísklifurgarðinum í Ouray. Fleiri kíktu í klifur til Bandaríkjanna á síðasta ári.

Armas Salsola, Bjartmar Sveinsson, Guðmundur Freyr Arnarson, Jafet Bjarkar Björnsson og Valdimar Björnsson fóru til Red Rocks til að stunda grjótglimu og fjölspanna dótaklifur.

Halldór Fannar flutti til Kaliforníu í byrjun árs og hefur verið iðinn við að klifra á vesturströndinni.

Ellefu Íslendingar skruppu í fjallahjólaferð til **Nepal** í byrjun október. Hópurinn hjólaði hæst upp í 4.800m og brunaði svo niður meira en 2.000m. Í byrjun nóvember bárust svo stórtíðindi frá fjallshlíðum Pumo Ri. Tveir félagar Ísalp, þeir Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson sem hurfu á fjallinu árið 1988, fundust í undir 6.000m hæð á skriðjökli. Leifur Örn Svavarsson var einmitt að ljúka við tvær göngur upp í grunnbúðir Everest og var því hæðaraðlagður. Hann bauðst til að fara þangað uppeftir og skoða möguleika á að koma líkamsleifum þeirra féлага niður. Til að aðstoða sig við þetta fékk hann til liðs við sig þrjá Sherpa, þar á meðal Íslandsvininn Ang Tshering Lama. Þetta gekk allt eins og í sögu og teyminu tókst að koma félögunum á stað sem þyrla gat sótt þá. Útför var haldin í Nepal fyrir nánustu ættingja og vini Þorsteins og Kristinns þar sem þeir voru brenndir saman.

Friðfinnur Gísli fór í jóla og áramótaferð til Krabi í **Tælandi** og náði þar að sportklifra helling á ströndinni í sólinni.